

# Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar 2027–2030

# Efnisyfirlit

Greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun 2027 til 2030 ..... 4
1 Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2027 - 2030 ..... 6
1.1 Forsendur fjárhagsáætlunarinnar ..... 6
Verðlagsforsendur ..... 6
Skatttekjur ..... 6
Útsvar ..... 6
Fasteignaskattar og lóðaleiga ..... 7
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ..... 7
Aðrar fasteignatengdar tekjur ..... 7
Gjaldskrár ..... 7
Laun og launatengd gjöld ..... 8
Almennir rekstrarliðir ..... 8
Afskriftir ..... 8
Fjármagnsliðir ..... 8
Lántaka ..... 8
1.2 Fjárfestingaráætlun ..... 9
1.3 Lykiltölur fyrir árin 2027–2030 ..... 10
Skuldahlutfall og skuldaviðmið ..... 10
Skuldir og skuldbindingar ..... 11
Tekjuþróun Fjarðabyggðar ..... 11
2 Fjölskyldusvið ..... 12
2.1 Félagsþjónusta ..... 12
Barnavernd og farsæld barna ..... 13
2.2 Þjónusta við eldra fólk ..... 14
2.3 Þjónusta við fatlað fólk ..... 14
2.4 Fræðslumál ..... 14
Leikskólar ..... 15
Grunnskólar ..... 16
Tónlistarskóli Fjarðabyggðar ..... 16
Bókasöfn ..... 17
2.5 Æskulýðs- og íþróttamál ..... 17
Íþróttamál ..... 18
Frístundastarf ..... 18
3 Skipulags- og framkvæmdasvið ..... 19
3.1 Skipulags,- umhverfis- og byggingarmál ..... 20
3.2 Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð ..... 20
3.3 Veitur Fjarðabyggðar ..... 21
3.4 Fjarðabyggðarhafnir ..... 21
4 Skrifstofa bæjarstjóra ..... 23
4.1 Menningar- og safnamál ..... 23

Menningarstofa Fjarðabyggðar ..... 24
Ný menningarstefna leiðir forgangsröðun ..... 24
Tónlistaruppbygging með auknum slagkrafti ..... 24
Börn og ungmenni sem virkir skapendur ..... 25
Heysahorn og alþjóðlegt samstarf í heimabyggð ..... 25
Lifandi menningarrými og ábyrg varðveisla ..... 25
4.2 Menningarlíf og söguritun ..... 26
4.3 Brunamál og almannavarnir ..... 27
Slökkvilið Fjarðabyggðar ..... 27
Almannavarnir ..... 28
5 Mannauðs- og umbótasvið ..... 30
Starfsumhverfi, vellíðan og vinnuvernd ..... 31
Ráðningar, starfsþróun og fræðsla ..... 31
Launa- og kjaramál og nýting mannauðs ..... 31
Umbótastarf og stafræn þróun ..... 31
6 Fjármála- og greiningarsvið ..... 32
7 Rekstrar- og efnahagsreikningur Fjarðabyggðar 2027 ..... 33
7.1 Rekstrarreikningur ..... 33
7.2 Efnahagsreikningur ..... 34
7.3 Eigið fé og skuldir ..... 35
7.4 Sjóðstreymisyfirlit ..... 36
8 Sundurliðun sjóða í samstæðu Fjarðabyggðar 2027 ..... 37
8.1 Rekstrarreikningur ..... 37
8.2 Efnahagsreikningur ..... 38
8.3 Eigið fé og skuldir ..... 39
8.4 Sjóðstreymisyfirlit ..... 40
9 Rekstrar- og efnahagsreikningur A hluta Fjarðabyggðar 2027–2030 ..... 41
9.1 Rekstrarreikningur ..... 41
9.2 Efnahagsreikningur ..... 42
9.3 Eigið fé og skuldir ..... 43
9.4 Sjóðstreymisyfirlit ..... 44
10 Rekstrar- og efnahagsreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2027–2030 ..... 45
10.1 Rekstrarreikningur ..... 45
10.2 Efnahagsreikningur ..... 46
10.3 Eigið fé og skuldir ..... 47
10.4 Sjóðstreymisyfirlit ..... 48
11 Málaflokkayfirlit 2027 ..... 49
12 Málaflokkayfirlit 2028 ..... 50
13 Málaflokkayfirlit 2029 ..... 51
14 Málaflokkayfirlit 2030 ..... 52

# Greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun 2027 til 2030



*Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar*

## Ábyrgur rekstur og björt framtíð

Tillaga að fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2027, ásamt áætlun fyrir árin 2028–2030, er hér lögð fram. Hún endurspeglar þann metnað okkar að byggja áfram upp öflugt samfélag, treysta grunnþjónustu og fjárfesta í lífsgæðum íbúa, um leið og við stöndum vörð um ábyrgan og sjálfbæran rekstur. Fjárhagsáætlun er ekki aðeins yfirlit yfir tekjur og útgjöld. Hún segir sögu af því samfélagi sem við viljum skapa og þeim ákvörðunum sem við tökum í sameiningu til að ná þangað.

Fjarðabyggð er fjölbreytt sveitarfélag þar sem hver byggðarkjarni hefur sína sérstöðu og styrkleika. Nýir íbúar og uppvaxandi kynslóðir færa okkur ferskar hugmyndir og nýjar væntingar. Þeim viljum við mæta með opnum huga, góðri þjónustu og skýrri framtíðarsýn. Hér er kraftmikið atvinnulíf, rík menning, einstök náttúra og samfélag þar sem fólk á að geta fest rætur, hvort sem það er að flytja hingað í fyrsta sinn eða snúa heim. Samstarf íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og sveitarfélagsins er grundvöllur þess að við getum nýtt tækifærin framundan. Okkur ber að horfa bæði til þess sem sameinar byggðarkjarnana og þess sem gerir hvern þeirra einstakan. Þannig eflum við sveitarfélagið sem eina heild, án þess að glata þeirri nálægð og samheldni sem einkenna samfélögin okkar.

## Traustur fjárhagur skapar tækifæri

Efnahagsumhverfið kallar áfram á varfærni. Verðbólga og vextir hafa áhrif á kostnað og sveiflur í sjávarútvegi, ekki síst uppsjávarveiðum, hafa veruleg áhrif á tekjustofna Fjarðabyggðar. Þess vegna byggir áætlunin á raunhæfum forsendum og skýrri forgangsröðun.

Skatttekjur ársins 2027 eru áætlaðar 8.921 milljónir króna. Útsvarshlutfall verður óbreytt, 14,97%, en álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,40% í 0,39%. Jafnframt er gert ráð fyrir auknum afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega og hóflegri, 2,5% almennri hækkun þjónustugjaldskráa. Með þessu viljum við gæta jafnvægis milli tekjuöflunar sveitarfélagsins og útgjalda heimilanna. Áætlanirnar byggjast á því að við hugsum til lengri tíma, séum agaðri í rekstri og metum ávallt hvaða ráðstafanir skili íbúum mestum ávinningi.

Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar er jákvæð um 758 milljónir króna árið 2027. Gert er ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar lækki úr um 10,9 milljörðum króna í árslok 2027 í um 9,3 milljarða í árslok 2030. Ekki er ráðgert að taka ný langtímalán, önnur en hagstæð lán frá Ofanflóðasjóði vegna öryggisframkvæmda. Þetta er mikilvæg stefna: við viljum styrkja fjárhag sveitarfélagsins og skapa svigrúm fyrir komandi kynslóðir án þess að slá af metnaði í þjónustu og uppbyggingu.

### Innviðir sem standast tímans tönn

Áætlaðar fjárfestingar árið 2027 nema 1.005 milljónum króna í A- og B-hluta og tæplega 3,4 milljörðum króna á tímabilinu 2027–2030. Þær beinast að verkefnum sem skipta máli í daglegu lífi og efla samkeppnishæfni sveitarfélagsins.

Meðal verkefna er áframhaldandi vinna við tilkomu nýs íþróttahúss á Eskifirði. Áætlunin gerir ráð fyrir upphafskostnaði en síðan veltur það á niðurstöðu vinnunnar fram að áramótum hvaða leið verður farin, til að gera þessa sýn að veruleika, byggt á markaðskönnun sem er í gangi þessa dagana. Þá verður unnið að endurnýjun þakklæðningar á skólahúsnæði á Fáskrúðsfirði, klæðning og gluggaskipti á Stöðvarfirði, áframhaldandi endurbygging Íslenska stríðsárasafnsins á Reyðarfirði og bætt aðstaða í Oddsskarði. Unnið verður að viðhaldi gatnakerfis, endurnýjun veitna og orkusparandi götulýsingu. Þetta eru framkvæmdir sem bæta aðstæður íbúa og verja verðmæti til lengri tíma. Viðhald er ekki síður mikilvægt en nýbyggingar: með því að sinna eignum okkar tímanlega tryggjum við betri nýtingu fjármuna og öruggari þjónustu.

Fjarðabyggðarhafnir eru ein af meginstoðum atvinnulífsins. Áfram verður unnið að þróun Mjóeyrarhafnar og jafnframt er búið að gera samninga um dýpkun við frystihúsbryggju á Eskifirði. Öflugar hafnir, traustar veitur og góðir innviðir skapa sóknarfæri fyrir sjávarútveg, iðnað, fiskeldi og nýsköpun. Þannig leggjum við grunn að fjölbreyttara atvinnulífi og áframhaldandi verðmætasköpun.

### Fólkið í fyrirrúmi

Þjónusta við íbúa er hjartað í starfsemi Fjarðabyggðar. Við leggjum áfram áherslu á gott skólastarf, farsæld barna og snemmtækan stuðning. Með samþættri þjónustu og vinnulagi á borð við Signs of Safety viljum við tryggja að börn og fjölskyldur fái aðstoð á réttum tíma. Um leið viljum við efla samstarf skóla og styðja við þátttöku barna og ungmenna í íþrótta- og frístundastarfi, óháð búsetu eða aðstæðum.

Í þjónustu við eldra fólk höldum við áfram undir merkjum verkefnisins Gott að eldast í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Austurlands og vinnum að fleiri úrræðum fyrir dagdvöl. Í málefnum fatlaðs fólks verður aukin áhersla á samráð, meðal annars með sérstöku notendaráði, og einstaklingsmiðaðan stuðning. Markmiðið er að allir íbúar geti lifað sjálfstæðu, virku og innihaldsríku lífi og fundið að þeir tilheyri samfélaginu.

Menning, saga og félagsstarf móta einnig lífsgæði okkar. Þau tengja saman kynslóðir og byggðarkjarna. Ný menningarstefna, öflugt tónlistar- og listastarf og varðveisla menningararfsins styrkja sjálfsmynd Fjarðabyggðar. Við leggjum sömuleiðis áherslu á öryggi íbúa, meðal annars með áframhaldandi eflingu viðbragðsgetu.

### Umbætur sem skila sér til íbúa

Starfsfólk Fjarðabyggðar er lykillinn að góðri þjónustu. Við viljum skapa því gott starfsumhverfi, einfalda verkferla og nýta stafrænar lausnir og gagnagreiningu til að bæta þjónustu og nýta fjármuni betur. Áform um opið bókhald, nýtt ábendingakerfi og ábyrga nýtingu gervigreindar eiga að stuðla að auknu gagnsæi, skilvirkni og aðgengilegri stjórnsýslu. Tæknin er ekki markmið í sjálfu sér heldur leið til að styðja starfsfólk og bæta samskipti við íbúa og fyrirtæki. Skýrari upplýsingar og einfaldari ferlar styrkja traust.

Við horfum björtum augum fram á veginn, en vitum að verkefnin verða áfram mörg og krefjandi. Þess vegna skiptir máli að halda fast í ábyrgðina, hlusta á íbúa og vinna saman þvert á byggðarkjarna. Ég þakka stjórnendum, starfsfólki og kjörnum fulltrúum fyrir vandaða vinnu við áætlunina og íbúum, félagasamtökum og atvinnulífi fyrir öflugt samstarf. Við höfum sterkan grunn, mannauð og trú á framtíðinni. Með sameiginlegu átaki getum við gert gott samfélag enn betra.

**Það er gott að búa í Fjarðabyggð**

*Jóna Árný Þórðardóttir*
*Bæjarstjóri Fjarðabyggðar*

# 1 Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2027 - 2030



*Mynd 1 Dalatangi, Mjóafjörður*

Hér er fjallað um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2027 til 2030, auk lykiltalna í niðurstöðu áætlunarinnar.

## 1.1 Forsendur fjárhagsáætlunarinnar

Útkomuspá ársins 2026 tekur mið af fjárhagsáætlun ársins með samþykktum viðaukum og mati á þróun nokkurra lykilstærða s.s. skatttekjum, auknum launakostnaði, nýrri þjóðhagsspá, fjárfestingum og öðrum rekstrarkostnaði.

### Verðlagsforsendur

Tekið er mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands sem gefin var út í ágúst 2026. Verðbólga hefur verið yfir 5% það sem af er ári 2026 en spár Seðlabankans gera ráð fyrir að verðbólga hjaðni tiltölulega hratt og verði 3,6% á árinu 2027; 2,6% á árinu 2028 og 2,5% árin 2029 og 2030.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2028-2030 er stuðst við sömu spá um þróun verðlags á milli ára, en áhrifin einungis reiknuð á fjármagnsliði. Þriggja ára áætlunin byggir á magnbreytingum. Gert er ráð fyrir föstu verðlagi á rekstrarþáttum, þ.e. tekjum, launum og öðrum rekstrarkostnaði. Afskriftir eru reiknaðar miðað við þróun eigna og fjárfestinga en fjármagnsliðir taka mið af spá um verðlagsbreytingar.

### Skatttekjur

Fjárhagsáætlun 2027 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 8.921 milljónum króna. Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlögum Jöfnunarsjóðs, fasteignaskatti og lóðaleigu. Nánari umfjöllun er um hvern einstakan lið skatttekna hér að neðan.

### Útsvar

Útsvarshlutfall er óbreytt milli ára og verður 14,97%. Útsvarsheimildir eru fullnýttar til að standa undir rekstri, fjárfestingum og afborgunum lána í A-hluta.

Gert er ráð fyrir að laun í Fjarðabyggð hækki almennt í samræmi við almenna launaþróun. Stuðst er við spá Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og áætlað að útsvarstekjur hækki um 5,6% frá árinu 2026. Fjarðabyggð er stærsta löndunarhöfn á uppsjávarfiski á Íslandi, sveiflur í veiðum, sölu eða verðum hafa því mikil áhrif á fjárhag Fjarðabyggðar. Áætlun um útsvarstekjur er varfærin og geta tekjur mögulega hækkað ef leyfðar verða meiri loðnuveiðar á árinu 2027 en nú er útlit fyrir.

## Fasteignaskattar og lóðaleiga

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis verði lækkað milli ára úr 0,4% í 0,39%. En að álagningarhlutfall á opinbert húsnæði og atvinnuhúsnæði og lóðarleigu verði óbreytt á milli ára.

Við áætlun fasteignaskatts og lóðaleigu er byggt á útgefnu fasteigna og lóðamati frá Þjóðskrá Íslands, sem gildir fyrir árið 2027. Samkvæmt útgefnu mati hækkar matsstofn íbúðarhúsnæðis um 1,6% og matsstofn atvinnuhúsnæðis hækkar um 7,3%. Samtals nemur hækkun tekna af fasteignaskatti um 4,4% vegna breytinga á fasteignamatsstofni.

- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,40% í 0,39%.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði verði óbreytt eða 1,65%.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði verði óbreytt eða 1,32%.
- Álagningarhlutfall lóðaleigu íbúðarhúsnæðis verði óbreytt eða 0,7%.
- Álagningarhlutfall lóðaleigu atvinnuhúsnæðis verði óbreytt eða 3%.

Breyting á matsstofni mun auka fasteignaskattstekjur og lóðaleigu um rúmar 77 milljónir króna frá árinu 2026, eða um 8,7%. Áætlað er að hækka veittan afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkuþega á árinu 2027, í samræmi við þróun fasteignamats íbúðarhúsnæðis og launa, og að afslátturinn nemi tæpum 27 milljónum króna. Hækkun fasteignaskatta frá álveri er áætluð um 16,5 milljónir króna á milli ára, sem skýrist af breytingum á byggingarvísitölu.

## Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir að framlög frá Jöfnunarsjóði á árinu 2027 verði um 2.162 milljónir króna á árinu. Framlög Jöfnunarsjóðs eru almennt haldin ákveðinni óvissu vegna tengingar þeirra við staðgreiðsluþróun og er því stuðst við útgefnar áætlanir sjóðsins.

## Aðrar fasteignatengdar tekjur

### Vatnsgjald:

Álagning vatnsgjalds hækkar á árinu 2027. Fastagjald vatnsveitu verður 5.308 krónur og fermetragjald 435 krónur, hækkunin nemur um 2,5%. Tekjur af vatnsgjaldi eru áætlaðar 218 milljónir króna og hækka um 5 milljónir króna frá árinu 2026.

### Fráveitugjald:

Álagningarhlutfall fráveitugjalds verður óbreytt frá fyrra ári eða 0,3232% af fasteignamatsstofni. Tekjur af fráveitugjaldi eru áætlaðar um 324 milljónir króna á árinu 2027 og hækka þær um 7 milljónir króna á milli ára.

### Sorphreinsunar- og sorpförgunargjald:

Gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir íbúðarhúsnæði er mismunandi eftir úrgangsflokki og stærð íláta. Einnig er lagt á fast gjald til reksturs grenndar- og móttökustöðva á allar fasteignir sveitarfélagsins í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.

## Gjaldskrár

Fjárhagsáætlunin byggir á að hækkun almennra þjónustugjaldskráa í A hluta í Fjarðabyggð verði 2,5% á árinu 2027 í samræmi við bókun bæjarráðs frá 29. september 2026.

## Laun og launatengd gjöld

Launaáætlun ársins 2027 byggist á áætlunum stjórnenda, einstakra sviða og stofnana, um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga en metin kostnaðaráhrif á aðra samninga. Auk þess eru teknar til hliðar um 88 milljónir í óviss útgjöld til að mæta mögulegum veikindalaunum. Laun og launatengd gjöld eru áætluð um 7.240 milljónir króna hjá samstæðu A- og B hluta á árinu 2027, að meðtalinni hækkun lífeyrisskuldbindinga.

## Almennir rekstrarliðir

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu A- og B hluta, utan afskrifta, nemi samtals 3.834 milljónum króna á árinu 2027.

## Afskriftir

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar í samræmi við afskriftarhlutföll, áætlaðan líftíma eigna, fjárfestingar ársins og aðrar breytingar á fastafjármunum.

## Fjármagnsliðir

Verðbólga er áætluð 3,6% á árinu 2027, 2,6% á árinu 2028 og 2,5% eftir það. Er þessi áætlun í samræmi við þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands í ágúst 2026. Fjarðabyggð skuldar ekki lán sem eru tengd erlendum gjaldmiðlum. Langtímalán innan samstæðu, þ.e. á milli A- og B hluta, eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru allir viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir. Vaxtakostnaður í áætluninni miðast við núverandi vaxtakjör á skuldbindingum.

## Lántaka

Til að fjármagna fjárfestingar Fjarðabyggðar á komandi árum, bæði í A- og B hluta, er ekki gert ráð fyrir að taka önnur langtímalán á árunum 2027-2030 en hjá Ofanflóðasjóði. Áætluð lántaka nemur því um 20 milljónum árlega hjá Ofanflóðasjóði og tengist framkvæmdum við ofanflóðavarnir.

# 1.2 Fjárfestingaráætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2027 nema samtals 1.005 milljónum króna í samstæðu, þar af 420 milljónum króna í A hluta. Heildarfjárfesting áranna 2027–2030 er áætluð tæplega 3,4 milljarðar króna og þar af um 1,1 milljarður króna í A hluta.

*Tafla 1 Fjárfestingaráætlun 2027 - 2030*

| Fjárfestingaráætlun 2027-2030 | Fjárfesting 2027 | Fjárfesting 2028 | Fjárfesting 2029 | Fjárfesting 2030 |
|---|---|---|---|---|
| **A hluti:** | | | | |
| ***Fasteignir og önnur mannvirki*** | | | | |
| Íþróttahúsið Eskifirði, hönnun, skipulags- og jarðvegsvinna | 115.000 | 0 | 0 | 0 |
| Nesskóli, lóð | 0 | 20.000 | 20.000 | 0 |
| Nesskóli, klæðning o.fl. | 0 | 30.000 | 30.000 | 0 |
| Nesskóli (gamli skóli), endurnýjun á þaki | 0 | 0 | 40.000 | 0 |
| Grunnskólinn á Reyðarfirði, klæðning og gluggar | 0 | 40.000 | 0 | 0 |
| Grunnskólinn á Stöðvarfirði, klæðning og gluggar | 45.000 | 0 | 0 | 0 |
| Grunnskólinn á Fáskrúðsfirði, þakklæðning | 40.000 | 0 | 0 | 0 |
| Breiðdalsskóli, stækkun leikskólans | 0 | 0 | 15.000 | 0 |
| Íslenska stríðsárasafnið, uppbygging, lóð, aðkoma og bílastæði | 80.000 | 30.000 | 30.000 | 0 |
| Skíðamiðstöðin Oddskarð, vélageymsla | 60.000 | 0 | 0 | 0 |
| Íþróttahúsið á Fáskrúðsfirði, endurnýjun á íþróttadúk | 0 | 10.000 | 0 | 0 |
| Íþróttahúsið á Neskaupstað, endurnýjun á íþróttadúk | 0 | 10.000 | 0 | 0 |
| Ofanflóðavarnir á Eskifirði | 5.000 | 5.000 | 5.000 | 5.000 |
| Snjóflóðavarnir í Neskaupstað | 5.000 | 5.000 | 5.000 | 5.000 |
| Óráðstafað | 0 | 0 | 0 | 130.000 |
| Tækjamiðstöðin | 30.000 | 35.000 | 35.000 | 35.000 |
| | 380.000 | 185.000 | 180.000 | 175.000 |
| Gatnaframkvæmdir óstaðsettar | 30.000 | 50.000 | 55.000 | 60.000 |
| Hjóla- og göngustígar | 30.000 | 15.000 | 15.000 | 15.000 |
| Leiksvæði | 10.000 | 10.000 | 10.000 | 10.000 |
| Gatnagerðargjöld | ( 30.000 ) | ( 30.000 ) | ( 30.000 ) | ( 30.000 ) |
| | 40.000 | 45.000 | 50.000 | 55.000 |
| **A hluti samtals** | 420.000 | 230.000 | 230.000 | 230.000 |
| **B hluti:** | | | | |
| **Hafnarsjóður** | | | | |
| Endurbætur | 50.000 | 50.000 | 50.000 | 50.000 |
| Sérverkefni | 25.000 | 25.000 | 25.000 | 25.000 |
| Öryggis- og hafnarverndarmál | 25.000 | 25.000 | 25.000 | 25.000 |
| Bílar- og tæki | 15.000 | 15.000 | 15.000 | 15.000 |
| Stækkun hafnarsvæða | 335.000 | 335.000 | 335.000 | 335.000 |
| Hafnarsjóður samtals | 450.000 | 450.000 | 450.000 | 450.000 |
| **Veitur og önnur fyrirtæki** | | | | |
| Hitaveita Fjarðabyggðar | 30.000 | 10.000 | 10.000 | 10.000 |
| Fráveita | 60.000 | 60.000 | 60.000 | 60.000 |
| Vatnsveita | 30.000 | 30.000 | 30.000 | 30.000 |
| Félagslegar íbúðir | 10.000 | 10.000 | 10.000 | 10.000 |
| Sorpmiðstöð | 5.000 | 5.000 | 5.000 | 5.000 |
| B hluti samtals | 585.000 | 565.000 | 565.000 | 565.000 |
| **Samtals A og B hluti** | 1.005.000 | 795.000 | 795.000 | 795.000 |

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna. Árin 2028 - 2030 er stefnumörkun um fjárfestingar en ekki bindandi ákvörðun

Í fjárfestingaráætlun fyrir árin 2027–2030 er lögð áhersla á skýra forgangsröðun og raunhæft kostnaðarmat. Ýmis verkefni eru nú í formlegri skoðun og rýni hvað varðar útfærsluleiðir, þarfagreiningu og kostnaðaráætlanir. Sem dæmi í þessu samhengi má nefna útfærslu á uppbyggingu Íþróttahúsnæðis á Eskifirði byggt á niðurstöðu markaðskönnunar sem er í gangi sem og útfærslu á aðstöðu skóladagheimilis í Neskaupstað. Þar sem forsendur liggja ekki endanlega fyrir varðandi þau verkefni þá eru þau ekki kostnaðargreind í áætlun tímabilsins 2027–2030 nema að hluta. Þau verða tekin fyrir í bæjarráði til mats á framgangi og næstu skrefum um leið og nauðsynlegar greiningar og útfærslutillögur liggja fyrir, og þá metið hvar og hvernig þeim verði fundinn staður við endurskoðun fjárfestingaráætlunar eða með viðaukum.

# 1.3 Lykiltölur fyrir árin 2027–2030

Hér að neðan er tafla sem lýsir afkomutölum og reiknuðum stærðum í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árin 2027 til 2030, bæði fyrir A hluta og samstæðu. Samanburður er hér við ársreikninga Fjarðabyggðar fyrir árin 2024 og 2025, útkomuspá ársins 2026 ásamt áætlunum fyrir árin 2027-2030.

*Tafla 2 Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar*

**Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar, kennitölur, afkoma og efnahagsstærðir**

| A hluti: | Ársreikn. 2024 | Ársreikn. 2025 | Útgönguspá 2026 | Áætlun 2027 | Áætlun 2028 | Áætlun 2029 | Áætlun 2030 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarniðurstaða | 418.782 | 150.164 | 497.043 | 240.245 | 279.485 | 304.246 | 301.811 |
| Framlegð sem hlutfall af tekjum | 10,9% | 8,5% | 12,5% | 9,2% | 9,2% | 9,2% | 9,2% |
| Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum | 14,3% | 12,8% | 12,9% | 9,5% | 9,2% | 9,2% | 9,1% |
| Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb | 3,2 | 3,2 | 3,2 | 2,3 | 2,1 | 2,0 | 2,0 |
| Ný lántaka sem hlutfall af skuldum | 0,2% | 0,0% | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,2% |
| Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum | 4,1% | 6,0% | 4,3% | 3,3% | 1,8% | 1,8% | 1,8% |
| Endurgreiðslutími skulda | 31 | 33 | 31 | 29 | 28 | 27 | 27 |
| Veltufjárhlutfall | 0,5 | 0,5 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 |

| A + B hluti: | Ársreikn. 2024 | Ársreikn. 2025 | Útgönguspá 2026 | Áætlun 2027 | Áætlun 2028 | Áætlun 2029 | Áætlun 2030 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarniðurstaða | 1.077.290 | 849.652 | 1.012.907 | 757.512 | 817.964 | 842.833 | 833.616 |
| Framlegð sem hlutfall af tekjum | 18,3% | 15,6% | 17,2% | 14,4% | 14,4% | 14,4% | 14,4% |
| Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum | 20,9% | 18,9% | 17,9% | 15,1% | 15,0% | 15,3% | 15,3% |
| Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb | 4,7 | 4,8 | 4,4 | 3,6 | 3,5 | 3,4 | 3,4 |
| Ný lántaka sem hlutfall af skuldum | 0,2% | 0,0% | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,2% |
| Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum | 9,2% | 12,9% | 9,6% | 9,2% | 7,6% | 8,1% | 8,5% |
| Endurgreiðslutími skulda | 23 | 24 | 22 | 20 | 19 | 17 | 16 |
| Veltufjárhlutfall | 1,1 | 1,1 | 1,3 | 1,3 | 1,4 | 1,6 | 1,7 |

Veltufjárhlutfall samstæðunnar var 1,1 í árslok 2025 en hlutfallið litast meðal annars af háum afborgunum langtímalána sem falla til greiðslu innan árs. Áætlað er að lausafjárstaðan styrkist á tímabilinu, einkum með aukningu handbærs fjár, og að veltufjárhlutfallið hækki jafnt og þétt í 1,7 í árslok 2030.

Rekstraráætlunin uppfyllir jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga sem kveður á um að samanlögð heildarútgjöld á hverju þriggja ára tímabili séu ekki hærri en samanlagðar reglulegar tekjur. Því viðmiði nær Fjarðabyggð öll árin, bæði í samstæðunni í heild og í A hluta.

Áætluð framlegð samstæðunnar er stöðug eða um 14,4% af tekjum árin 2027–2030, samanborið við 17,2% árið 2026. Framlegð A hluta er áætluð 9,2% á sama tímabili. Veltufé frá rekstri samstæðunnar, sem nam 17,9% af tekjum árið 2026, er áætlað um 15% af tekjum árin 2027–2030 fyrir samstæðu Fjarðabyggðar.

Fjárfestingar eru áætlaðar á bilinu 7%–10% af skuldum árin 2027–2030. Jafnframt er gert ráð fyrir að reiknaður endurgreiðslutími skulda samstæðunnar styttist úr 22 árum árið 2026 í 16 ár árið 2030.

## Skuldahlutfall og skuldaviðmið

Skuldahlutfall samstæðu A- og B hluta lækkar úr um 84% í árslok 2027, niður í um 71,9% í árslok 2030. Skuldahlutfall A hluta fer lækkandi en lækkar hægar en skuldahlutfall samstæðunnar, fer úr 123% í árslok 2027 í um 120% í árslok 2030.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, skal skuldaviðmið fyrir A- og B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum. Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið samstæðu A- og B hluta, eins og það er skilgreint í sveitarstjórnarlögum og í reglugerð nr. 502/2012, lækki úr 52,7% í árslok 2027 í 33,2% í árslok 2030. Skuldaviðmið A hlutans lækkar úr 82% í árslok 2027, í 69% í árslok 2030.

## Skuldir og skuldbindingar

Þróun skulda og skuldbindinga hjá Fjarðabyggð er sett fram samkvæmt ársreikningi á árinu 2025; áætlun áranna 2026 og 2027 og tillögu að þriggja ára áætlun 2028–2030.
Skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B hluta lækka úr 10,9 milljörðum króna í árslok 2027, niður í 9,3 milljarða í árslok 2030. Skuldir og skuldbindingar A hluta lækka úr 12,9 í 12,5 milljarða króna og skuldahlutfall úr 123% árið 2027 í um 120% árið 2030.

Gert er ráð fyrir að langtímalán við lánastofnanir, að meðtöldum næsta árs afborgunum, lækki úr tæplega 5,1 milljarði króna í árslok 2027 niður í tæplega 3,8 milljarða króna í árslok 2030 á verðlagi hvers árs. Lífeyrisskuldbindingar muni lækka lítillega, úr rúmum 4,1 milljarði króna í árslok 2027 í um 3,9 milljarða króna í árslok 2030. Skammtímaskuldir haldast svipaðar, rúmir 2,2 milljarðar króna í árslok 2027 og tæplega 2,3 milljarðar í árslok 2030

*Tafla 3 Skuldir og skuldbindingar*




## Tekjuþróun Fjarðabyggðar

Skatttekjur munu í krónum talið aukast um 392 milljónir króna frá árinu 2025 til 2027, á verðlagi hvers árs. Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð um 2.162 milljónir króna á árinu 2027. Áætlað er að aðrar tekjur aukist um 141 milljón króna á milli áranna 2025 og 2027 á verðlagi hvers árs.

# 2 Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar fer með velferðar-, fræðslu-, íþrótta- og frístundamál sveitarfélagsins og heyrir undir fjölskyldunefnd. Sviðsstjóri stýrir sviðinu og undir honum starfa þrír stjórnendur: Stjórnandi félagsmála og barnaverndar ber ábyrgð á barnavernd, félagsþjónustu, málefnum fatlaðra og þjónustu við eldra fólk. Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu ber ábyrgð á grunnskólum, leikskólum, tónlistarskóla og skólaþjónustu. Stjórnandi íþrótta- og frístundamála ber ábyrgð á íþróttamannvirkjum, skíðasvæði, félagsmiðstöðvum og sumar- og vetrarfrístundum.



*Mynd 2 Nemendur Nesskólan Neskaupstaður*

Fjölskyldusvið ber ábyrgð á velferðar-, fræðslu- og frístundaþjónustu sveitarfélagsins við börn, fjölskyldur og fullorðna. Sviðið tryggir lögbundna þjónustu, samþættir hana í þágu farsældar barna og fylgir eftir stefnum sveitarfélagsins og ríkisins.

Leiðarljós sviðsins er að öll börn og íbúar fái réttan stuðning á réttum tíma, óháð efnahag, uppruna eða fötlun.

### Áherslur 2027

Áherslur sviðsins á næsta starfsári eru að veita faglega og góða þjónustu í samræmi við lög, reglur og stefnur. Efla snemmtæka íhlutun og forvarnir fyrir börn og styðja við sjálfstæði og virkni allra íbúa. Áfram þarf að efla þátttöku í íþrótta- og frístundastarfi. Áfram verður lögð áhersla á að efla málstjórn og teymisvinnu til að tryggja samfellda, skilvirka og einstaklingsmiðaða þjónustu.

- Málstjórn og teymisvinna þvert á málaflokka
- Ábyrg og raunhæf rekstraráætlun.
- Aukið samstarf og samvinna fræðslustofnana.
- Efla þekkingu á og nýtingu tæknilausna og gervigreindar í þjónustu fjölskyldusviðs.

## 2.1 Félagsþjónusta

Hlutverk félagsþjónustu er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa og stuðla að velferð þeirra. Þjónustan á að styrkja einstaklinga og fjölskyldur til sjálfshjálpar og virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra.

Hún er veitt í samvinnu við aðra sem sinna velferðarþjónustu, svo sem skóla, heilsugæslu o.s.frv. Áhersla er á forvarnir og snemmtækan stuðning sem felur í sér félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, sérstakan húsnæðisstuðning og aðgang að félagslegu húsnæði, þjónustu við fatlað fólk miðað við einstaklingsbundnar þarfir, styðja við fjölskyldur í viðkvæmri stöðu og sinna málstjórn í samræmi við lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

### Markmið

- Íbúar í félagslegum vanda fái stuðning sem styður þá til virkni og sjálfshjálpar.
- Íbúar hafi aðgang að öruggu og hagkvæmu húsnæði.
- Einstaklingar og fjölskyldur fái ráðgjöf og stuðning sem fyrst, áður en vandi ágerist.
- Dregið verði úr áhrifum fátæktar á börn og fjölskyldur.
- Þjónustan sé aðgengileg, skilvirk og veitt af virðingu, með vandaðri málsmeðferð.

### Áherslur 2027

Áhersla verður lögð á stafræna þróun þjónustunnar í samræmi við aðgerðaáætlun ríkis og sveitarfélaga 2026–2028.



*Mynd 3 Nemendur á leikskólanum Dalborg, Eskifjörður*

## Barnavernd og farsæld barna

Hlutverk barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna eigin heilsu og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Jafnframt á að tryggja öllum börnum og foreldrum aðgang að samþættri þjónustu í þágu farsældar barnsins. Starfið byggir á réttindum barnsins, hagsmunum þess og samvinnu við fjölskylduna.

### Markmið

Hvert barn fær samfelldan stuðning sem hefst snemma, er byggður á réttindum þess og veittur í samvinnu allra kerfa.

- Börn fái snemmtækan stuðning, á réttu þjónustustigi.
- Öryggi barna sé tryggt með faglegri og vandaðri málsmeðferð.
- Börn séu virkir þátttakendur í málum sínum og rödd þeirra fái vægi.
- Samvinna við foreldra byggi á styrkleikum fjölskyldunnar og skýrum markmiðum.
- Þjónusta við börn sé samfelld og samhæfð þvert á skóla, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og frístund.
- Börn í vistun utan heimilis búi við öryggi, góðan aðbúnað og reglubundið eftirlit.

### Áherslur 2027

Áframhaldandi innleiðing verklags í barnavernd sem byggir á hugmyndafræði Signs of Safety. Áherslur eru á skýrari samskipti, meiri þátttöku foreldra og barna og sameiginlegan skilning á því sem þarf að breytast.

## 2.2 Þjónusta við eldra fólk

Hlutverk sveitarfélagsins er að styðja við eldra fólk til sjálfstæðs lífs, virkni og þátttöku í samfélaginu, þannig að það geti búið á eigin heimilum eins lengi og það kýs og aðstæður leyfa.

### Markmið

- Veita stuðningsþjónustu og félagslegan stuðning.
- Efla félagsstarf og skapa tækifæri til virkni og samveru.
- Veita ráðgjöf og upplýsingar um réttindi og þjónustu.
- Stuðla að samþættingu og samstarfi við heilbrigðisþjónustuna um samfellda þjónustu, t.d. heimahjúkrun og dagdvöl.
- Byggja þjónustu á heildstæðu og gagnreyndu mati á þjónustuþörf.

### Áherslur 2027

Þróunarverkefnið Gott að eldast er í gangi í samstarfi við HSA með áherslu á samþætta þjónustu. Innleiða á endurhæfingarmiðaða heimaþjónustu (endurhæfing í heimahúsi) ásamt því að vinna að markmiðum um að koma á fót dagdvöl í fleiri byggðakjörnum. Einnig verður lögð áhersla að styðja áfram við félög eldra fólks og efla forvarnir og virkni.

## 2.3 Þjónusta við fatlað fólk

Hlutverk málaflokksins er að tryggja fötluðu fólki þjónustu byggð á einstaklingsbundnu mati í samræmi við lög og mannréttindasamninga. Áhersla er lögð á að skapa skilyrði til sjálfstæðs lífs, eigin vals og fullrar þátttöku í samfélaginu.

### Markmið

- Fatlað fólk fái þjónustu sem byggir á einstaklingsbundnu mati á stuðningsþörf.
- Fatlað fólk eigi kost á öruggu húsnæði við hæfi og geti búið sjálfstætt.
- Fatlað fólk hafi tækifæri til atvinnu, virkni og menntunar til jafns við aðra.
- Fötluð börn og fjölskyldur þeirra fái samþættan og samfelldan stuðning.

### Áherslur 2027

Áherslur á þessu sviði verða að stofna notendaráð um málefni fatlaðs fólks í Fjarðabyggð. Tryggja þarf einstaklingsbundið mat á stuðningsþörf og gerð einstaklingsáætlana fyrir börn og fullorðna. Einnig þarf að samþætta þjónustu við skóla og heilbrigðisþjónustu og aðra, í samræmi við farsældarlögin. Efla þarf frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni og efla þarf tækifæri fatlaðs fólks til virkni og atvinnuþátttöku.

## 2.4 Fræðslumál

Hlutverk fræðslumála er að halda utan um starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla, bókasafna, skólafrístundar, lengdrar viðveru (á skólatíma) og skólaþjónustu í Fjarðabyggð.
Leikskólarnir eru fimm. Leikskólarnir bjóða upp á nám fyrir 1 – 5 ára nemendur. Samtals er áætlaður fjöldi nemenda í leikskólunum verði 285 á vorönn 2027, og stöðugildi starfsfólks eru 89. Grunnskólarnir eru fimm og þeir bjóða upp á nám fyrir 6 - 16 ára nemendur og við þá alla er boðið upp á skólafrístund fyrir nemendur í 1. - 4. bekk og lengda viðveru fyrir börn með umfangsmiklar þjónustuþarfir. Alls er gert ráð fyrir 640 nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar skólaárið 2026 - 2027. Á frístundaheimilum er gert ráð fyrir um 120 nemendum. Í grunnskólum, bókasöfnum og frístundaheimilum er starfsfólk í um

148 stöðugildum. Tónlistarskóli Fjarðabyggðar þjónar öllum íbúum sveitarfélagsins. Í honum eru um 300 nemendur og þar er starfsfólk í um 16 stöðugildum. Starfsstöðvar eru á sex stöðum. Skólaþjónusta Fjarðabyggðar er hluti af fjölskyldusviði Fjarðabyggðar, þar er stefnan að vera með fimm stöðugildi, auk kaupa á sérfræðiþjónustu á mismunandi sviðum.



*Mynd 4 Neistaflug 2026*

### Markmið

- Skólastarf í Fjarðabyggð skapi nemendum jöfn tækifæri.
- Í skólunum fari fram gæðakennsla og gæðanám.
- Skólabragur stuðli að vellíðan og öruggi nemenda.
- Samvinna skólanna styrki þá alla við að ná settum markmiðum.
- Samstarf heimila og skóla styrki skólastarf í Fjarðabyggð.
- Unnið sé í samræmi við lög og reglur sem og stefnu og samþykktir sveitarfélagsins.

### Áherslur 2027

Áherslur fræðslumála verður að endurskoða menntastefnu sveitarfélagsins. Einnig er ætlunin að styrkja samstarf skólanna enn frekar með öflugu lærdómssamfélagi. Endurskoða þarf verkferla skóla- og stoðþjónustu skólanna og kortleggja og styrkja úrræði tengdum skólaþjónustu og farsæld barna. Áfram verður unnið samkvæmt aðgerðaáætlun farsældarráðs Austurlands sem og að þróa samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

## Leikskólar

Hlutverk leikskóla er að veita börnum menntun og umönnun á fyrsta skólastiginu í öruggu og hvetjandi umhverfi. Starfið byggir á leik sem námsleið og velferð barnsins að leiðarljósi. Leikskólinn styður alhliða þroska barna, málþroska og félagsfærni, í náinni samvinnu við foreldra. Hann er jafnframt mikilvæg grunnþjónusta fyrir fjölskyldur og atvinnulíf í sveitarfélaginu.

### Markmið

- Að öllum börnum bjóðist leikskólapláss við 12 mánaða aldur.
- Leikskólar séu mannaðir fagfólki og búi við gott starfsumhverfi.
- Leikskólastarf sé inngildandi og öll börn fái stuðning við hæfi.
- Börn fái markvissa málörvun, hvert sem heimamál (móðurmál) þeirra er.
- Virkt samstarf við foreldra.
- Samfella milli leik- og grunnskóla.
- Fylgst sé með gæðum leikskólastarfs með reglubundnu mati.

### Áherslur 2027

Áherslur leikskólastigsins er að bæta skólanámskrá hvers leikskóla í samræmi við aðalnámskrá og sérstöðu hvers skóla. Ætlunin er að stuðla að því að markviss málörvun fari fram í öllum leikskólum. Unnið verður að því að uppfylla gæðaviðmið MEMM (menntun, móttaka, menning) um móttöku og menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þörf er fyrir að sérkennslu og stuðning sé mætt með mati, markvissum áætlunum og þjónustu. Endurskoða þarf handbók í snemmtækri íhlutun, með áherslu á málþroska og læsi sem unnin var skólaárið 2019-2020. Einnig þarf að viðhalda þekkingu á uppeldi til ábyrgðar, til að styðja uppbyggjandi skólabrag sem og að viðhalda ART þjálfun. Jafnframt verður lögð áhersla á að auka samstarf við foreldra, m.a. með samstarfi um fræðslu til foreldra.

## Grunnskólar

Hlutverk grunnskóla er að veita öllum börnum á skólaskyldualdri menntun við hæfi í samræmi við lög og aðalnámskrá. Skólinn stuðli að alhliða þroska, vellíðan og virkri þátttöku nemenda í lýðræðissamfélagi. Starfið byggir á jöfnum tækifærum, inngildingu og snemmtækum stuðningi. Það er unnið í náinni samvinnu við heimilin og aðra sem þjónusta börnin.

### Markmið

- Allir nemendur taki framförum í námi.
- Skólastarf sé inngildandi og nemendur fái stuðning við hæfi.
- Nemendum líði vel í skólanum og búi við öruggan skólabrag án eineltis og ofbeldis.
- Nemendur með annað heimamál (móðurmál) en íslensku fái markvissa íslenskukennslu.
- Skólar séu mannaðir fagfólki með leyfisbréf og búi við gott starfsumhverfi.
- Skólanámskrá og starfsáætlun hvers skóla í samræmi við aðalnámskrá og sérstöðu hvers skóla.
- Fylgst sé með gæðum skólastarfs með reglubundnu mati.
- Samstarf heimila og skóla sé virkt.

### Áherslur 2027

Áherslur grunnskólastigsins er að niðurstöður matsferils verði nýttar í umbótastarfi. Áfram verður haldið með innleiðingu á endurskoðaðri aðalnámskrá. Unnið verður áfram með byrjendalæsi í 1. – 4. bekk. Einstaklingsnámskrá og einstaklingsáætlanir séu unnar fyrir alla nemendur sem þurfa. Unnið verður að því að uppfylla gæðaviðmið MEMM (menntun, móttaka, menning) um móttöku og menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Sérkennsla og stoðþjónusta verður sett upp með þrepaskiptum stuðningi. Starfsfólk skólanna vinnur að lærdómssamfélagi um innleiðingu leiðsagnarnáms og innra mati og gæðastarfi. Viðhalda þarf þekkingu á uppeldi til ábyrgðar, til að styðja við uppbyggjandi skólabrag. Áframhaldandi samstarf verður við VA um valgreinar á unglingastigi en einnig verður unnið áfram að þróun samstarfs um nám í listgreinum í tengslum við Menningarstofu Fjarðabyggðar. Jafnframt þarf að auka samstarf við foreldra.

## Tónlistarskóli Fjarðabyggðar

Hlutverk tónlistarskóla er að veita börnum, ungmennum og öðrum íbúum fjölbreytt gæða tónlistarnám og stuðla að öflugu tónlistarlífi í sveitarfélaginu. Tónlistarskólinn er opinn öllum sem vilja kynnast tónlistarnámi og er virkur þátttakandi í menningarlífi byggðakjarnanna. Skólinn á í samstarfi við grunnskóla, leikskóla og menningarstofnanir. Sýn Tónlistarskóla Fjarðabyggðar er að tónlist eigi erindi við alla og að allir geti stundað tónlistarnám á eigin forsendum í umhverfi sem er hvetjandi og lifandi.

### Markmið

- Bjóða upp á fjölbreytt tónlistarnám sem fullnægir þörfum sem flestra íbúa.
- Hver nemandi hljóti tónlistarmenntun á sínum forsendum.
- Stuðla að inngildingu.
- Tónlist sé sjálfsagður hluti mannlífsins og sýnileg í samfélaginu.

- Tónlistarskólinn sé hluti af menningarlífi sveitarfélagsins.
- Við skólann starfi kennarar með haldgóða tónlistarmenntun.
- Tónlistarskólinn sé samofinn öðru skólastarfi og nemendur geti stundað nám á skólatíma, í góðu samstarfi við aðra skóla í Fjarðabyggð.
- Búa starfsfólki og nemendum góðar starfsaðstæður.

### Áherslur 2027

Áherslur tónlistarskóla er að halda uppi virku samstarfi við leik- og grunnskóla. Áframhald verður á eflingu samstarfs innan Tónlistarskóla Fjarðabyggðar sem og að þróa samstarf við Menningarstofu. Tónlistarskólinn mun áfram vera þátttakandi í viðburðum innan fjórðungsins og á landsvísu. Einnig verður stuðlað að faglegri uppbyggingu m.a. í gegnum langtímasamstarf við tónlistarskóla og menntastofnanir í öðrum Evrópulöndum.

## Bókasöfn

Hlutverk bókasafnanna er að veita öllum íbúum jafnan og greiðan aðgang að bókum, upplýsingum og menningu, og að styðja við lestur, læsi og íslenska tungu. Bókasöfnin eru opin og gjaldfrjáls samfélagsrými fyrir fræðslu, samveru og menningu í hverjum byggðakjarna. Þau eru samsteypusöfn staðsett í húsnæði grunnskólanna og þjóna bæði almenningi og nemendum.

### Markmið

- Allir íbúar hafi greiðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti, bæði prentuðum og rafrænum.
- Efla lestur og læsi.
- Styðja við íslenskunám og inngildingu fólks af erlendum uppruna.
- Þjónustan sé aðgengileg öllum, óháð búsetu, aldri eða fötlun.
- Bókasöfnin séu lifandi samfélagsrými fyrir menningu og samveru.

### Áherslur 2027

Áherslur bókasafnanna snúa að því að styrkja hlutverk bókasafnanna í samfélaginu. Halda þarf uppi viðvarandi og virku samstarfi starfsfólks innan safnanna sem og virku samstarfi við starfsfólk leik-, grunn og tónlistarskóla. Áfram verður stuðlað að samstarfi við Menningarstofu. Samvinnu verður komið á um þróun mælikvarða um starfsemi safnanna.

# 2.5 Æskulýðs- og íþróttamál



*Mynd 5 Skíðasvæðið Oddsskarð*

## Íþróttamál

Hlutverk íþróttamála er að skapa öllum íbúum tækifæri til íþróttaiðkunar og hreyfingar í nærsamfélaginu, til ánægju og heilsubótar. Sveitarfélagið byggir og rekur íþróttamannvirki og styður við starf íþróttafélaga en íþróttastarfið sjálft er skipulagt af frjálsum félagasamtökum. Íþróttir eru mikilvægur þáttur í forvörnum, lýðheilsu og samfélagslífi byggðakjarnanna.

### Markmið

- Öll börn og ungmenni eigi kost á íþróttum við hæfi, óháð efnahag, uppruna eða fötlun.
- Íþróttamannvirki séu örugg, aðgengileg og vel nýtt.
- Samstarf við íþróttafélög og íþróttahérað sé öflugt.
- Íþróttir og hreyfing stuðli að lýðheilsu allra aldurshópa, einnig eldra fólks.
- Íþróttastarf sé öruggt og laust við ofbeldi og áreitni.

### Áherslur 2027

Áherslur í íþróttamálum eru að efla samstarf sem nær til fatlaðra barna, barna af erlendum uppruna og barna af efnaminni heimilum. Gera þarf samræmda stundaskrá skóla, íþrótta og aksturs milli byggðakjarna. Auka þarf samvinnu og samstarf hagaðila að stefnumótun og samvinnu til að efla íþróttastarf allra barna. Áfram þarf að stuðla að heilsueflingu fyrir eldra fólk og aðra aldurshópa. Koma þarf á betri tengingu milli íþróttastarfs og forvarna. Efla þarf Barnvænt samfélag með aukinni þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun og þróun þjónustu. Jafnframt þarf að efla heilsueflandi samfélag með verkefnum sem styðja við heilsu, vellíðan og samfélagsþátttöku íbúa.

## Frístundastarf

Hlutverk frístundastarfs er að tryggja börnum og ungmennum fjölbreytt, faglegt og öruggt tómstunda- og frístundastarf sem eflir félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku. Starfið er opið öllum og lagað að þörfum hvers og eins. Frístundastarfið er jafnframt mikilvæg þjónusta við fjölskyldur, styður við forvarnir og farsæld barna og gefur ungu fólki rödd í málefnum sveitarfélagsins.

### Markmið

- Öll börn og ungmenni eigi kost á tómstunda- og frístundastarfi, óháð efnahag, uppruna eða fötlun.
- Fötluð börn og ungmenni fái frístundaþjónustu við hæfi
- Frístundastarf sé faglegt og öruggt og byggi á viðmiðum um gæðastarf.
- Ungmenni hafi raunveruleg áhrif í gegnum ungmennaráð og þátttöku í starfinu.
- Frístundastarfið styðji við forvarnir og vinni með skólum og félagsþjónustu að farsæld barna.

### Áherslur 2027

Áherslur í frístundastarfi verða á forvarnastarf í félagsmiðstöðvum og fræðslu sem snýr meðal annars að samskiptum, netöryggi og vímuefnum. Efla þarf samstarf við grunnskóla um faglegt starf frístundaheimila, efla fræðslu starfsfólks og koma á auknu samstarfi við skóla og félagsþjónustu um einstaklingsbundnar áætlanir í frístundastarfi fyrir þau börn sem það þurfa. Endurskoða þarf frístundastyrki og stuðning við börn af efnaminni heimilum í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun gegn fátækt barna. Áfram þarf að vinna að öruggu og styðjandi umhverfi fyrir ungmenni þar sem þau geta dafnað, myndað tengsl og átt jákvæð félagsleg samskipti, auk þess sem efla þarf tengsl og samheldni milli unglinga þvert á félagsmiðstöðvar. Koma þarf á fjölbreyttri dagskrá og viðburðum innan félagsmiðstöðvanna.

# 3 Skipulags- og framkvæmdasvið

Hlutverk skipulags- og framkvæmdasviðs er að annast skipulags- og byggingarmál, rekstur og viðhald fasteigna og innviða, framkvæmdir og umhirðu umhverfis ásamt rekstri veitna og hafna Fjarðabyggðar.

## Markmið

Markmiðið er að veita faglega og skilvirka þjónustu, efla samstarf og samhæfingu milli deilda og tryggja að fjármunir, mannauður og sérþekking nýtist sem best. Áhersla er lögð á skýra ábyrgð, auka markvissa áætlanagerð og hagkvæman rekstur sem og forgangsröðun verkefna.



*Mynd 6 Starfsmaður þjónustumiðstöðvar*

Sviðið skiptist í fjórar deildir: Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð, Skipulags-, umhverfis- og byggingarmál, Fjarðabyggðarhafnir og Veitur Fjarðabyggðar. Yfir hverri deild er stjórnandi sem stýrir faglegu starfi hennar og heyrir beint undir sviðsstjóra. Starfsemi skipulags- og framkvæmdasviðs er dreifð á nokkrar starfsstöðvar.

Á skrifstofu sveitarfélagsins starfa sjö starfsmenn, 14 í þjónustumiðstöðvum og fimm í garðyrkjudeild sem hefur starfsstöð á Reyðarfirði.

Innan þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar eru þrjár stöður verkstjóra sem annast verkstjórn á skilgreindum svæðum sveitarfélagsins. Fasteignaumsýsla og viðhald mannvirkja heyra einnig undir deildina.

Hjá Veitum Fjarðabyggðar starfa tveir starfsmenn með starfsstöð á Eskifirði og hjá Fjarðabyggðarhöfnum starfa níu starfsmenn á sex starfsstöðvum.

## Áherslur 2027

Á árinu 2027 verður lögð sérstök áhersla á að efla samhæfingu verkefna og bæta verkferla, áætlanagerð og kostnaðareftirlit þvert á deildir sviðsins. Unnið verður að því að bæta yfirsýn yfir eignir, innviði og viðhaldsþörf sveitarfélagsins og skapa forsendur fyrir auknu fyrirbyggjandi viðhaldi. Þá verður horft sérstaklega til greininga á rekstrarkostnaði fasteigna með það í huga að

greina tækifæri til úrbóta s.s. með aukinni áherslu á hagkvæmni í orkunotkun með varmadælavæðingu.
Ákvarðanir um fjárfestingar, framkvæmdir og viðhald verði byggðar á raunverulegri þörf, faglegu mati og fjárhagslegu svigrúmi sveitarfélagsins.

## 3.1 Skipulags,- umhverfis- og byggingarmál

Hlutverk deildarinnar er að annast skipulags- og byggingarmál, úrgangsmál og önnur verkefni á sviði umhverfismála í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélagsins. Undir deildina heyra jafnframt almenningssamgöngur og önnur tengd þjónustu- og stjórnsýsluverkefni.

### Markmið

Markmiðið er að tryggja faglega, skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu, bæta þjónustu við íbúa og framkvæmdaaðila og stuðla að skipulagðri þróun byggðar. Áhersla er lögð á skýra verkferla, góða upplýsingagjöf og markvissa eftirfylgni mála.

### Áherslur 2027

Á árinu 2027 verður lögð sérstök áhersla á umbætur í þjónustu skipulags- og byggingarmála, með skilvirkari afgreiðslu erinda, skýrari verkferlum og bættri upplýsingagjöf.
Áfram verður unnið að deiliskipulagsgerð og mótun framtíðaruppbyggingar í sveitarfélaginu með hliðsjón af þörfum íbúa og atvinnulífs. Unnið verður að því að afmarka og deiliskipuleggja þau svæði innan þéttbýla sem enn eru ódeiliskipulögð. Þá verður vinnu haldið áfram við frekari útlistun á framtíðar uppbyggingu í Fjarðabyggð.
Þá verður unnið að yfirfærslu og samþættingu verkefna sem koma inn til sveitarfélagsins með niðurlagningu HAUST í árslok 2026. Þá er mikilvægt að endurhanna ferla sem snúa að framfylgd reglna og samþykkta sem sveitarfélagið sjálft hefur sett sér varðandi umhverfismál, umgengnismál, lausafjármuni, gæludýr o.fl.
Á sviði úrgangsmála verður áhersla lögð á eftirfylgni með þjónustusamningi, aukna fræðslu um flokkun og meðhöndlun úrgangs og umbætur í þjónustu og leita leiða við að koma úrgangsstraumum s.s. textíl og lífrænum úrgangi í hagkvæmari farvegi.

## 3.2 Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð

Hlutverk deildarinnar er að annast rekstur og viðhald fasteigna, gatna og opinna svæða ásamt umsjón með framkvæmdum sveitarfélagsins. Undir deildina heyra þjónustumiðstöðvar, garðyrkjudeild, fasteignaumsýsla og verklegar framkvæmdir.

### Markmið

Markmiðið er að tryggja góða nýtingu eigna sveitarfélagsins, skilvirka þjónustu og snyrtilegt og vel viðhaldið umhverfi í öllum byggðarkjörnum. Áhersla er lögð á samhæfingu verkefna, skýra verkstjórn og hagkvæma nýtingu fjármuna og mannafla

### Áherslur 2027

Megináhersla ársins verður á umbætur í fasteignarekstri og að bæta yfirsýn yfir ástand, nýtingu og viðhaldsþörf mannvirkja. Unnið verður að gerð heildstæðrar viðhaldsáætlunar með það að markmiði að færa áhersluna í auknum mæli frá viðbragðsviðhaldi yfir í fyrirbyggjandi viðhald.
Jafnframt verður lögð áhersla á betri samhæfingu þjónustumiðstöðva og garðyrkjudeildar, markvissari umhirðu opinna svæða og aukna skilvirkni við undirbúning og framkvæmd verkefna.
Áfram verður unnið að nýframkvæmdum, endurbótum og viðhaldi á fasteignum sveitarfélagsins í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun og forgangsröðun verkefna.

## 3.3 Veitur Fjarðabyggðar

Hlutverk Veita Fjarðabyggðar er að annast rekstur og viðhald vatnsveitna, fráveitna, hitaveitu á Eskifirði og fjarvarmaveitu í Neskaupstað. Markmiðið er að tryggja örugga og áreiðanlega þjónustu, hagkvæman rekstur og markvisst viðhald og endurnýjun veitukerfa. Áhersla er lögð á góða yfirsýn yfir ástand kerfanna og að ákvarðanir um framkvæmdir byggist á þarfagreiningu og langtímaáætlanagerð.

### Áherslur 2027

Á árinu 2027 verður lögð áhersla á að efla áætlanagerð um viðhald og endurnýjun veitukerfa og bæta yfirsýn yfir ástand og framtíðarþörf þeirra.
Áfram verður unnið að endurnýjun lagna samhliða gatnaframkvæmdum og að ljúka LED-væðingu götulýsingar í sveitarfélaginu. Jafnframt verður unnið að tengingu nýrrar niðurdælingarholu við hitaveitu Eskifjarðar, meta framhald og næstu skref í heitavatnsleit á Fáskrúðsfirði og gerð áætlunar um úrbætur á fjarvarmaveitunni í Neskaupstað.
Með markvissari áætlanagerð og forgangsröðun er stefnt að auknu rekstraröryggi, betri nýtingu fjármuna og minni þörf fyrir ófyrirséðar framkvæmdir.

## 3.4 Fjarðabyggðarhafnir

Fjarðabyggðarhafnir samanstanda af átta höfnum: Mjóafjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Mjóeyrarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn, Stöðvarfjarðar-höfn og Breiðdalsvíkurhöfn. Hafnirnar eru ólíkar að stærð, uppbyggingu og gegna mismunandi hlutverki í þjónustu við þá fjölbreyttu starfsemi sem endurspeglar atvinnulíf og aðstæður á hverjum stað.




*Mynd 7 Fjarðabyggðarhafnir, Norðfjörður*

Hlutverk Fjarðabyggðarhafna er að tryggja örugga, skilvirka og áreiðanlega hafnaþjónustu sem styður við atvinnulíf, verðmætasköpun og samfélagslega þróun í Fjarðabyggð. Hafnirnar eru mikilvægir innviðir fyrir sjávarútveg, fiskeldi, iðnað, vöruflutninga og aðra hafntengda starfsemi og gegna lykilhlutverki í samkeppnishæfni og byggðaþróun svæðisins.

### Markmið

Markmið Fjarðabyggðarhafna er að tryggja framúrskarandi hafnaþjónustu, viðhalda og efla innviði, styðja við verðmætasköpun og atvinnuþróun og nýta auðlindir og fjármuni á ábyrgan og hagkvæman hátt. Fjarðabyggðarhafnir stefna að því að vera framsæknar og traustar hafnir til

framtíðar, þar sem öryggi, þjónusta og samstarf við fyrirtæki, stofnanir og aðra hagaðila er í forgrunni.

## Áherslur 2027

Á árinu 2027 verður lögð áhersla á að efla áætlanagerð og forgangsröðun viðhalds og framkvæmda á hafnarsvæðum með hliðsjón af ástandi mannvirkja, þjónustuþörf og fjárhagslegum forsendum.

Jafnframt verður unnið að því að styrkja verkferla, samhæfingu verkefna og kostnaðareftirlit ásamt því að viðhalda góðri þjónustu og öryggi í starfsemi hafnanna.

Helstu áherslur í framkvæmdum hjá Fjarðabyggðarhöfnum árið 2027 verða að:

- Dýpka höfnina við frystihúsbryggju á Eskifirði.
- Framkvæmdir og þróun Mjóeyrarhafnar á grunni stefnumörkunar ársins 2026.
- Ljúka við forgangsröðun og skipulagningu á viðgerð stálþilja.
- Halda áfram vinnu við að efla öryggi á höfnunum og efla öryggismenningu enn frekar.
- Halda áfram vinnu við stefnumótun og mótun áherslna í móttöku skemmtiferðaskipa.

# 4 Skrifstofa bæjarstjóra

Skrifstofan veitir þjónustu þvert á fagsvið sveitarfélagsins sem felst m.a. í ráðgjöf til stjórnenda í þeim málum sem falla undir sviðið. Skrifstofan er ábyrg fyrir almennri þjónustu bæjarskrifstofu, stjórnsýslu og skjalamálum, gæðamálum, stafrænni þróun og upplýsingatæknimálum, markaðs- og kynningarmálum, menningarmálum, atvinnu- og ferðamálum ásamt bruna- og almannavörnum. Þá annast sviðið undirbúning og framkvæmd funda bæjarstjórnar, bæjarráðs og stjórnar menningarstofu ásamt kosningum. Á skrifstofunni starfa ásamt bæjarstjóra, bæjarritari, upplýsingafulltrúi, afgreiðslufulltrúar ásamt starfsfólki og stjórnendum menningarstofu og skjalasafns.

### Áherslur 2027:

- Haldið verði áfram á braut stafrænna lausna þar sem upplýsingatækni er nýtt til hagsbóta fyrir stjórnendur, starfsmenn og viðskiptavini.
- Unnið verði í að skapa jákvæða og sterka ímynd sveitarfélagsins sem aðlaðandi og sterks samfélags.
- Heimasíða verði stöðugt í þróun og taki mið af þörfum íbúa og viðskiptavina.
- Innleitt verði nýtt ábendingakerfi um það sem bæta má í starfsemi sveitarfélagsins.
- Samfélagsmiðlar verði nýttir sem best til miðlunar efnis eftir aðstæðum.
- Áfram verði unnið með markvissum hætti að atvinnuþróun og eflingu samkeppnishæfni sveitarfélagsins bæði í samstarfi við núverandi atvinnugreinar sem og með uppbyggingu nýrra stoða fyrir atvinnulíf s.s. þróun græns orkugarðs í sveitarfélaginu, stórskipahafnar sem og annarra greina.



*Mynd 8 Neistaflug, Neskaupstaður*

## 4.1 Menningar- og safnamál

Skrifstofa bæjarstjóra fer með menningarmál sveitarfélagsins. Menningarstofa Fjarðabyggðar annast framkvæmd menningar- og listastarfs á breiðum grunni með hliðsjón af menningarstefnu. Undir málaflokkinn falla m.a., skjala-, mynda- og minjasöfn, félagsheimili og menningarhús, söguritun og varðveisla menningararfs, listaverkaeign, bæjarhátíðir ásamt menningar- og listastarfi.

### Áherslur 2027

Árið 2027 verður lögð áhersla á að auka slagkraft menningarstarfs í Fjarðabyggð með markvissri ráðstöfun verkefnafjár, öflugum samstarfsverkefnum og innleiðingu nýrrar menningarstefnu.

Byggt verður á reynslu og samstarfstengslum ársins 2026, meðal annars vegna Innsævis, samstarfs við Þjóðaróperuna og uppbyggingar tónleikahalds. Á þeim grunni verður ráðist í ný metnaðarfull verkefni sem efla listsköpun, styrkja menningarinnviði og auka þátttöku íbúa. Menning er mikilvægur þáttur í lífsgæðum, aðdráttarafli og framtíðarþróun Fjarðabyggðar og verður sú sýn leiðandi í starfi ársins.

## Menningarstofa Fjarðabyggðar

Menningarstofa er vettvangur þróunar, samstarfs og stuðnings við menningarstarf í sveitarfélaginu. Hlutverk hennar er að skapa skilyrði fyrir blómlegt menningarlíf með íbúum, listafólki, félagasamtökum og menningarstofnunum, varðveita og miðla menningararfi og tryggja að fagleg listastarfsemi sé aðgengileg í heimabyggð. Sérstök áhersla verður á að styrkja frumkvæði heimafólks og gera samstarfsaðilum kleift að ráðast í verkefni sem skilja eftir þekkingu, reynslu og varanleg tækifæri á svæðinu.

### Markmið

Markmið ársins er að fjármunir, aðstaða og sérþekking nýtist betur saman. Verkefnafé verður nýtt til að byggja upp samfellu í starfi, efla sjálfstæða menningarstarfsemi og skapa grundvöll fyrir frekari fjármögnun og samstarf. Aðgengi að menningu og tækifæri til eigin sköpunar skulu ná til fólks á ólíkum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn í byggðarkjörnum sveitarfélagsins.

### Áherslur 2027

#### Ný menningarstefna leiðir forgangsröðun

Stefnt er að útgáfu endurnýjaðrar menningarstefnu Fjarðabyggðar í byrjun árs 2027, að loknu samráði við íbúa og fagfólk. Innleiðing hennar verður eitt meginverkefni Menningarstofu á árinu. Stefnunni mun fylgja aðgerðaáætlun með skýrri forgangsröðun, ábyrgðarskiptingu, tímasetningum og tengingu við fjármögnun. Niðurstöður samráðs verða nýttar til að móta þjónustu, samstarf og ráðstöfun fjármuna. Þar verða meðal annars til skoðunar aðgengi og þátttaka, stuðningur við grasrót, tengsl menningar og skólastarfs og framtíðarskipan safnastarfs. Með þessu verður langtímasýn sveitarfélagsins færð yfir í afmörkuð verkefni sem unnt er að framkvæma, fylgja eftir og meta.

#### Tónlistaruppbygging með auknum slagkrafti

Áhersluverkefni ársins í tónlistaruppbyggingu verður samstarf við Studio Silo og Atomic Analog í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði. Verkefnið byggir á þeirri nálgun að markvisst framlag til starfandi menningaraðila geti gert þeim kleift að ráðast í stærri verkefni og styrkt stöðu þeirra til framtíðar. Nýta á sérhæfða aðstöðu og fagþekkingu á svæðinu til að þróa tækifæri til tónleikahalds, upptöku og miðlunar tónlistar og efla tengsl tónlistarfólks á Austurlandi við víðara fagumhverfi.

Samhliða verður áfram unnið að stuðningi við tónleikahald, samstarfi við tónlistarfólk og eflingu viðburðastaða sveitarfélagsins. Áhersla verður á að tengja saman aðstöðu, dagskrá og faglegan stuðning svo Fjarðabyggð styrkist bæði sem vettvangur tónlistarsköpunar og áfangastaður tónlistarfólks á tónleikaferðalögum.



*Mynd 9 Tónlistarmiðstöð Fjarðabyggðar*

## Börn og ungmenni sem virkir skapendur

Barnamenning verður áfram meðal stærstu áhersluþátta Menningarstofu. Með Upptaktinum á Austurlandi, BRAS, skapandi sumarstörfum, listasmiðjum og samstarfi við leik- og grunnskóla verður byggð upp samfella í skapandi starfi. Markmiðið er að börn og ungmenni fái að þróa eigin hugmyndir, vinna með fagfólki og koma verkum sínum á framfæri.
Upptakturinn á Austurlandi verður þróaður áfram með kynningu og skapandi vinnu í skólum, leiðsögn í tónsköpun og upptökusmiðjum í faglegu hljóðveri. Verkefnið tengir hugmyndir ungs fólks við þekkingu tónlistarfólks og upptökuaðstöðu í heimabyggð og skapar leið til þátttöku í Upptaktinum í Hörpu. BRAS og sumarsmiðjur munu jafnframt veita börnum aðgang að fjölbreyttum listgreinum og vinnuaðferðum í samstarfi við menningaraðila á Austurlandi.

## Heysahorn og alþjóðlegt samstarf í heimabyggð

Eitt af stærri þróunarverkefnum ársins verður fyrirhugað samstarf við listamannahópinn Heysahorn og Sköpunarmiðstöðina á Stöðvarfirði. Unnið er að fjögurra vikna listamannadvöl sumarið 2027 þar sem alþjóðlegt listafólk mun starfa með þátttakendum skapandi sumarstarfa, leiða barnasmiðjur og standa að opnum viðburðum í samstarfi við heimafólk. Verkefnið tengir saman listsköpun, tungumál, útgáfu og menningarsamskipti og færir alþjóðlegt samstarf inn í daglegt menningarstarf sveitarfélagsins. Ungmennin munu þróa og miðla eigin verkum með faglegri leiðsögn og halda listrænu forræði yfir lokasýningu sinni. Fyrirhuguð fjöltyngd útgáfa og uppskeruviðburðir munu miðla afrakstrinum og lengja líftíma verkefnisins. Umfang þess verður útfært í samræmi við niðurstöður styrkumsókna og fjármögnun samstarfsaðila.

## Lifandi menningarrými og ábyrg varðveisla

Undir starfsemi menningarstofu falla minjasöfn sveitarfélagsins. Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði geymir heimildir um atvinnusögu landsmanna. Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði geymir heimildir um hernám landsins og síðari heimsstyrjöldina. Frakkar á Íslandsmiðum segir sögu franskra skútusjómanna á öldum áður. Safnahúsið á Norðfirði hýsir Náttúrugripasafn, Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar og Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar.



*Mynd 10 Frakkar á Íslandsmiðum, Fáskrúðsfirði*

Á sviði safna og menningararfs verður áhersla á faglega varðveislu, skráningu og miðlun, með hliðsjón af nýrri menningarstefnu og forgangsröðun aðgerða sem markaðar eru til næstu ára. Vinna við umbætur á geymslum og umhaldi safngripa og sýninga er hafin og verður áfram áhersla í starfseminni. Endurgerð Íslenska stríðsárasafnsins er hafin og verður ný sýning opnuð á næsta ári með það að markmiði að lokið verði við byggingu safnsins og uppsetningu fullrar sýningar þess á árinu 2028 eða 2029.

Í verkefnaáætlun ársins er sérstaklega gert ráð fyrir skráningu og varðveislu listaverkaeignar Fjarðabyggðar ásamt listaverkakaupum samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Þannig verður ábyrgð á menningarverðmætum tengd áframhaldandi stuðningi við samtímalist.

Áfram verður byggt upp fjölbreytt sýninga-, smiðju- og dvalarstarf í Þórsmörk og unnið að því að tengja gestalistafólk við íbúa og starfandi menningaraðila. Pólska kvikmyndahátíðin, Dagar myrkurs og samstarf við bókasöfn verða mikilvægir vettvangar menningarmiðlunar og samfélagslegra tengsla. Jafnframt verður unnið að þróun verkefnisins Menning sem athvarf, með áherslu á að skapandi þátttaka geti stutt vellíðan og félagslega virkni.

## 4.2 Menningarlíf og söguritun

Fjarðabyggð leggur áherslu á að styðja við fjölbreytt félags- og menningarlíf í byggðarlögum sveitarfélagsins og stuðla að varðveislu sögu og menningararfs. Sveitarfélagið á sex félagsheimili sem nýtast til fjölbreyttrar starfsemi, meðal annars félagsstarfs, æskulýðsstarfs, fræðslu- og menningarviðburða. Markmiðið er að stuðla að góðri nýtingu húsnæðisins og efla samstarf við félagasamtök og íbúa. Jafnframt styður Fjarðabyggð við varðveislu og miðlun sögu byggðarlaganna, meðal annars með starfsemi Skjala- og myndasafns Fjarðabyggðar og stuðningi við söguritun.

### Áherslur 2027

Áfram verður lögð áhersla á hagkvæma og fjölbreytta nýtingu félagsheimila og menningarhúsa í samstarfi við félagasamtök og aðra hagaðila.

Unnið verður að frekari mótun starfsemi Skjala- og myndasafns Fjarðabyggðar og stuðningi við söguritun byggðarlaganna. Áfram verður unnið að ritun sögu Norðfjarðar fyrir tímabilið 1929–1998, en í framhaldinu er stefnt að því að ljúka ritun sögu Stöðvarfjarðar og síðar atvinnusögu Eskifjarðar.

## 4.3 Brunamál og almannavarnir

Undir brunamál og almannavarnir í Fjarðabyggð falla fjölmörg málefni. Má þar nefna rekstur slökkviliðs, sjúkraflutninga, eldvarnareftirlit og forvarnarstarfsemi. Einnig nær málaflokkurinn til almannavarna, hafnarverndar, ofanflóðavarna sem og að vera stuðningur við björgunarsveitir í Fjarðabyggð.



*Mynd 11 Slökkvilið Fjarðabyggðar*

### Slökkvilið Fjarðabyggðar

Hlutverk Slökkviliðs Fjarðabyggðar er að stuðla að öryggi íbúa, atvinnulífs og vegfarenda með öflugri viðbragðsþjónustu, eldvarnareftirliti og forvörnum. Slökkviliðið sinnir jafnframt sjúkraflutningum á starfssvæðinu samkvæmt þjónustusamningum.

Markmiðið er að tryggja faglega og skilvirka þjónustu sem tekur mið af víðfeðmu starfssvæði sveitarfélagsins, landfræðilegum aðstæðum og fjölbreyttri atvinnustarfsemi. Áhersla er lögð á góða þjálfun og hæfni starfsfólks, örugga starfsaðstöðu, markvisst forvarnarstarf og öflugt samstarf viðbragðsaðila. Jafnframt er markmiðið að tryggja að búnaður, ökutæki og húsnæði slökkviliðsins mæti þörfum starfseminnar og að endurnýjun þeirra byggist á langtímaáætlun og skýrri forgangsröðun.

Starfsstöðvar slökkviliðsins eru í öllum bæjarkjörnum Fjarðabyggðar. Starfssvæði slökkviliðsins er því víðfeðmt og landfræðilegar aðstæður krefjandi. Miklar vegalengdir milli byggðarkjarna, jarðgöng,

iðnaðarstarfsemi og umfangsmikil óbyggð svæði gera sérstakar kröfur til viðbragðsgetu, búnaðar og aðstöðu.



*Mynd 12 Slökkvistöðin að Hrauni*

Hjá Slökkviliði Fjarðabyggðar eru skráðir 83 slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Þar af eru 16 atvinnumenn í fullu starfi og tæpir 70 í hlutastarfi sem slökkviliðsmenn og/eða sjúkraflutningamenn. Slökkviliðið ber einnig ábyrgð á um það bil 30 manna hlutastarfandi slökkviliði Alcoa Fjarðaáls og sér um stjórnun þess og þjálfun. Stór þáttur af starfi liðsins eru forvarnir og eldvarnareftirlit, sem hefur markvisst verið eflt á árinu. Slökkviliðið er í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir að efla eigið öryggi og öryggisvitund þeirra í takt við lög og reglugerðir. Einnig hefur slökkviliðið séð um æfingar fyrir slökkvilið Múlaþings.

### Áherslur 2027

Á árinu 2027 verður áfram lögð áhersla á að efla viðbragðsgetu slökkviliðsins, styrkja samstarf við aðra viðbragðsaðila og halda áfram markvissu eldvarnareftirliti, forvörnum og þjálfun starfsfólks.

Eitt meginverkefni ársins verður að vinna heildstæða og forgangsraðaða áætlun um endurnýjun búnaðar, ökutækja og húsnæðis slökkviliðsins. Áætlunin mun byggja á brunavarnaráætlun sveitarfélagsins sem og kostnaðarmati með það að markmiði að tryggja öruggan, hagkvæman og fyrirsjáanlegan rekstur til næstu ára.

Á árinu er gert ráð fyrir að nýr slökkvibíll, sem þegar hefur verið keyptur, bætist við tækjaflota slökkviliðsins á Stöðvarfirði og styrki þar með viðbragðsgetu á sunnanverðum Austfjörðum.

Á sviði sjúkraflutninga verður sérstök áhersla lögð á undirbúning og vinnu við gerð nýrra samninga tengt sjúkraflutningum í Fjarðabyggð. Við þá vinnu verður horft til þjónustuþarfar, mönnunar, viðbragðsgetu, gæða þjónustunnar og fjárhagslegra forsendna með það að markmiði að tryggja áframhaldandi öfluga og sjálfbæra sjúkraflutningaþjónustu í Fjarðabyggð.



*Mynd 13 Nýr tækjabíll slökkviliðsins*

## Almannavarnir

Hlutverk almannavarna er að stuðla að öryggi íbúa og samfélagsins með markvissum undirbúningi, forvörnum og samhæfðum viðbrögðum við vá og neyðarástandi, í samræmi við lög um almannavarnir. Markmiðið er að efla viðbúnað og áfallaþol samfélagsins með áhættumati, viðbragðsáætlunum og samstarfi sveitarfélagsins, stofnana og viðbragðsaðila. Sérstakt tillit er tekið til landfræðilegra aðstæðna og áhættu sem tengist meðal annars ofanflóðum, samgöngum og iðnaðarstarfsemi.

## Áherslur 2027

Á árinu 2027 verður áfram lögð áhersla á að styrkja skipulag og samhæfingu almannavarna í samstarfi við almannavarnanefnd og viðbragðsaðila á Austurlandi. Áfram verður unnið að yfirferð og uppfærslu áhættumats og viðbragðsáætlana eftir því sem nýjar upplýsingar og uppfærð áhættumöt verða tiltæk.

Jafnframt verður lögð áhersla á fræðslu, æfingar og samstarf við stofnanir, fyrirtæki og viðbragðsaðila til að efla viðbúnað og áfallaþol samfélagsins.

# 5 Mannauðs- og umbótasvið



*Mynd 14 Norðfjörður*

Mannauðs- og umbótasvið Fjarðabyggðar hefur það meginhlutverk að stuðla að faglegri, samræmdri og skilvirkri mannauðsstjórnun hjá sveitarfélaginu. Sviðið annast mannauðsmál, launa- og kjaramál, ráðgjöf og stuðning við stjórnendur, auk þess að leiða og taka þátt í umbótaverkefnum sem ná þvert á starfsemi sveitarfélagsins.
Markmið sviðsins er að Fjarðabyggð sé eftirsóttur og góður vinnustaður þar sem starfsfólki líður vel, fær tækifæri til starfsþróunar og býr við öruggt og hvetjandi starfsumhverfi. Jafnframt er lögð áhersla á hagkvæman rekstur, góða nýtingu mannauðs og stöðugar umbætur í þjónustu og stjórnsýslu.

## Markmið

- Að styrkja samræmda framkvæmd mannauðsstefnu og verklagsreglna hjá öllum stofnunum sveitarfélagsins.
- Að efla stjórnendur með markvissri ráðgjöf, fræðslu og stuðningi.
- Að bæta yfirsýn yfir veikindafjarvistir og nýta greiningar til að styðja við forvarnir og vellíðan starfsfólks.
- Að auka gæði og samræmi í ráðningum, móttöku nýliða og starfsþróun.
- Að bæta yfirsýn yfir vinnutíma, mönnun og launakostnað og stuðla að hagkvæmri nýtingu mannauðs.
- Að tryggja áframhaldandi framkvæmd jafnlaunastefnu og fylgni við gildandi kjarasamninga.
- Að innleiða markvissar umbætur í verkferlum og stuðla að ábyrgri nýtingu stafrænnar tækni.
- Árangur verður meðal annars metinn með reglubundnum greiningum á veikindafjarvistum, launakostnaði og starfsmannamálum, eftirfylgni með framkvæmd mannauðsstefnu, jafnlaunaúttektum og mati á framgangi skilgreindra umbótaverkefna.

## Áherslur 2027

Áfram verður unnið að því að styrkja og samræma mannauðsstjórnun hjá stofnunum Fjarðabyggðar. Lögð verður áhersla á að efla ráðgjöf og stuðning við stjórnendur, skýra verkferla og tryggja samræmda framkvæmd reglna og kjarasamninga. Jafnframt verður unnið að yfirferð og endurskoðun mannauðsstefnu og verklagsreglna sveitarfélagsins með það að markmiði að þær endurspegli starfsemi og þarfir sveitarfélagsins.

## Starfsumhverfi, vellíðan og vinnuvernd

Unnið verður markvisst að því að efla starfsánægju, stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi og draga úr fjarvistum vegna veikinda. Sérstök áhersla verður lögð á reglubundna greiningu veikindafjarvista, fræðslu og stuðning við stjórnendur um viðbrögð við fjarvistum og aðgerðir sem stuðla að farsælli endurkomu starfsfólks til vinnu. Einnig verður áfram unnið að því að efla forvarnir, vinnuvernd og jákvæð samskipti á vinnustöðum sveitarfélagsins.

## Ráðningar, starfsþróun og fræðsla

Áhersla verður lögð á fagleg og samræmd ráðningarferli, vandaða móttöku nýs starfsfólks og aukin tækifæri til starfsþróunar. Unnið verður að því að efla fræðslu og þjálfun stjórnenda, meðal annars á sviði mannauðsstjórnunar, vinnuréttar og kjarasamninga. Jafnframt verður stuðlað að markvissri framkvæmd starfsþróunar-samtala og aukinni nýtingu fræðslu- og símenntunartækifæra.

## Launa- og kjaramál og nýting mannauðs

Áfram verður lögð áhersla á vandaða og skilvirka framkvæmd launa- og kjaramála, samræmda framkvæmd kjarasamninga og áreiðanleika í launavinnslu. Unnið verður að bættri skráningu og utanumhaldi vinnutíma, meðal annars með aukinni nýtingu Vinnustundar og fræðslu til stjórnenda. Jafnframt verður lögð áhersla á greiningu launakostnaðar, skipulags vinnu og mönnunar stofnana með það að markmiði að stuðla að hagkvæmum rekstri og góðri nýtingu fjármuna.
Sviðið mun áfram hafa umsjón með framkvæmd jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfis Fjarðabyggðar og tryggja reglubundna greiningu og eftirfylgni.

## Umbótastarf og stafræn þróun

Á árinu 2027 verður áfram lögð áhersla á umbætur í stjórnsýslu sveitarfélagsins, einföldun verkferla og nýtingu stafrænnar tækni til að auka skilvirkni og gæði þjónustu. Sérstaklega verður horft til þeirra tækifæra sem felast í nýtingu gervigreindar og annarra tæknilausna við dagleg störf. Unnið verður að mótun skýrra viðmiða um ábyrga notkun gervigreindar, fræðslu starfsfólks og afmörkuðum umbótaverkefnum í samstarfi við önnur svið sveitarfélagsins.

# 6 Fjármála- og greiningarsvið

Verkefni fjármála- og greiningarsviðs eru meðal annars áætlunargerð og gerð fjárhagsyfirlita og ársreiknings, skráningar og umsjón með fjárhagsupplýsingakerfi, upplýsingagjöf um rekstur Fjarðabyggðar, stofnana og deilda, greiðslu reikninga, reikningagerð, innheimta krafna, fjármálaumsýsla, innkaupamál og fleira.

## Markmið

Markmið fjármála- og greiningarsviðs er að efla upplýsingamiðlun til kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsfólks, íbúa og viðskiptavina, er varðar fjárhags- og rekstrarleg málefni sveitarfélagsins og leita leiða til að auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna sveitarfélagsins.

## Áherslur 2027

- Vera með skilvirka upplýsingagjöf til stjórnenda og eftirfylgni með rekstri, viðhaldi og fjárfestingum með tilliti til áætlunargerðar.
- Uppfæra innkaupastefnu Fjarðabyggðar og koma á markvissari ferlum og aðferðum við innkaup frá birgjum, auk stuðnings við stjórnendur og starfsmenn við innkaup.
- Bæta greiningar og upplýsingagjöf til stjórnenda, kjörinna fulltrúa og almennings með nýtingu Power BI.
- Halda áfram að bæta ferla og sjálfvirkni við móttöku reikninga og annarra þátta sviðsins.
- Skoða leiðir við að einfalda og sjálfvirknivæða verkferla með nýtingu gervigreindar.
- Opna bókhald Fjarðabyggðar.

# 7 Rekstrar- og efnahagsreikningur Fjarðabyggðar 2027

## 7.1 Rekstrarreikningur

*Tafla 4 Rekstrarreikningur*

| FJARÐABYGGÐ | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rauntölur 2025 | Útkomuspá 2026 | Áætlun 2027 | Rauntölur 2025 | Útkomuspá 2026 | Áætlun 2027 |
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | |
| **Tekjur:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 6.368.259 | 6.425.638 | 6.758.601 | 6.347.772 | 6.411.059 | 6.739.496 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 1.996.883 | 2.305.845 | 2.162.341 | 1.996.883 | 2.305.845 | 2.162.341 |
| Aðrar tekjur | 1.361.753 | 1.613.905 | 1.521.834 | 3.886.141 | 4.211.553 | 4.027.583 |
| | 9.726.896 | 10.345.388 | 10.442.776 | 12.230.796 | 12.928.457 | 12.929.420 |
| **Gjöld:** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6.255.572 | 6.329.903 | 6.700.024 | 6.628.585 | 6.826.407 | 7.239.556 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.641.612 | 2.723.474 | 2.786.196 | 3.698.897 | 3.878.134 | 3.833.834 |
| Afskriftir | 318.584 | 338.005 | 346.409 | 698.375 | 735.071 | 750.707 |
| | 9.215.768 | 9.391.382 | 9.832.629 | 11.025.857 | 11.439.612 | 11.824.098 |
| Niðurstaða án fjármagnsliða | 511.127 | 954.006 | 610.147 | 1.204.939 | 1.488.844 | 1.105.323 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | | |
| Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur | 68.507 | 10.544 | 30.942 | 70.397 | 10.844 | 31.242 |
| Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki | 0 | 38.662 | 35.930 | 0 | 0 | 0 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 154.788 ) | ( 369.875 ) | ( 285.377 ) | ( 449.344 ) | ( 486.782 ) | ( 379.053 ) |
| Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki | ( 274.682 ) | ( 136.295 ) | ( 151.396 ) | 0 | 0 | 0 |
| | ( 360.963 ) | ( 456.963 ) | ( 369.902 ) | ( 378.947 ) | ( 475.937 ) | ( 347.811 ) |
| Rekstrarniðurstaða án framlaga | 150.164 | 497.043 | 240.245 | 825.992 | 1.012.907 | 757.512 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | 0 | 0 | 0 | 33.472 | 0 | 0 |
| Tekjuskattur | 0 | 0 | 0 | ( 9.812 ) | 0 | 0 |
| Rekstrarniðurstaða | 150.164 | 497.043 | 240.245 | 849.652 | 1.012.907 | 757.512 |

# 7.2 Efnahagsreikningur

*Tafla 5 Efnahagsreikningur*

| FJARÐABYGGÐ | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rauntölur 2025 | Útkomuspá 2026 | Áætlun 2027 | Rauntölur 2025 | Útkomuspá 2026 | Áætlun 2027 |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | |
| **Eignir** | | | | | | |
| **Fastafjármunir:** | | | | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | | | | | | |
| Fasteignir | 10.378.262 | 10.674.052 | 10.810.009 | 10.649.665 | 10.959.643 | 11.096.093 |
| Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur | 540.222 | 471.191 | 402.161 | 7.014.215 | 7.077.374 | 7.186.950 |
| Vélar, áhöld og tæki | 112.783 | 121.822 | 135.251 | 187.780 | 200.671 | 215.702 |
| Leigueignir | 82.088 | 75.437 | 68.673 | 119.895 | 113.244 | 106.480 |
| | 11.113.355 | 11.342.502 | 11.416.093 | 17.971.555 | 18.350.932 | 18.605.225 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur:** | | | | | | |
| Eignahlutir í félögum | 790.961 | 850.961 | 850.961 | 991.849 | 982.865 | 982.865 |
| Skatteign | 0 | 0 | 0 | 16.919 | 16.919 | 16.919 |
| Langtímakröfur | 202.598 | 181.566 | 171.065 | 234.132 | 209.786 | 197.628 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 127.687 | 115.021 | 94.167 | 0 | 0 | 0 |
| | 1.121.246 | 1.147.548 | 1.116.192 | 1.242.900 | 1.209.570 | 1.197.412 |
| Fastafjármunir | 12.234.601 | 12.490.050 | 12.532.286 | 19.214.455 | 19.560.502 | 19.802.637 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | | |
| Birgðir | 0 | 0 | 0 | 16.650 | 16.650 | 16.650 |
| Skammtímakröfur: | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 876.248 | 889.598 | 889.598 | 1.183.932 | 1.197.282 | 1.197.282 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | 513.566 | 564.057 | 574.292 | 0 | ( 0 ) | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 359.504 | 346.153 | 346.153 | 352.420 | 351.241 | 351.241 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | 39 | 10.531 | 10.502 | 12.341 | 12.188 | 12.159 |
| Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki | 28.428 | 23.922 | 25.060 | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé | 726.411 | 1.185.199 | 1.340.784 | 769.466 | 1.185.199 | 1.340.784 |
| Veltufjármunir | 2.504.196 | 3.019.460 | 3.186.389 | 2.334.809 | 2.762.561 | 2.918.117 |
| Eignir samtals | 14.738.797 | 15.509.510 | 15.718.675 | 21.549.264 | 22.323.063 | 22.720.753 |

# 7.3 Eigið fé og skuldir

*Tafla 6 Eigið fé og skuldir*

| FJARÐABYGGÐ | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rauntölur 2025 | Útkomuspá 2026 | Áætlun 2027 | Rauntölur 2025 | Útkomuspá 2026 | Áætlun 2027 |
| **31. desember** | | | | | | |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | | |
| **Eiginfjárreikningar:** | | | | | | |
| Eigið fé | 2.092.469 | 2.608.662 | 2.848.908 | 10.077.671 | 11.060.041 | 11.817.553 |
| | 2.092.469 | 2.608.662 | 2.848.908 | 10.077.671 | 11.060.041 | 11.817.553 |
| **Skuldbindingar:** | | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 3.868.581 | 3.918.223 | 3.920.678 | 4.059.726 | 4.108.468 | 4.110.023 |
| Aðrar skuldbindingar | 28.860 | 16.428 | 16.428 | 28.860 | 16.428 | 16.428 |
| | 3.897.441 | 3.934.651 | 3.937.106 | 4.088.586 | 4.124.896 | 4.126.451 |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 3.863.041 | 3.636.723 | 3.342.320 | 5.158.480 | 4.877.790 | 4.516.640 |
| Leiguskuldir | 69.380 | 49.658 | 29.603 | 94.185 | 66.529 | 38.403 |
| | 3.932.421 | 3.686.381 | 3.371.923 | 5.252.665 | 4.944.319 | 4.555.043 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | | |
| Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki | 2.822.253 | 3.235.292 | 3.493.802 | 0 | ( 0 ) | ( 0 ) |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 378.061 | 428.889 | 449.805 | 471.043 | 534.959 | 560.724 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 22.939 | 22.359 | 23.919 | 31.749 | 31.235 | 33.433 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.593.212 | 1.593.212 | 1.593.212 | 1.627.549 | 1.627.549 | 1.627.549 |
| | 4.816.465 | 5.279.816 | 5.560.739 | 2.130.341 | 2.193.807 | 2.221.706 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 12.646.327 | 12.900.848 | 12.869.767 | 11.471.592 | 11.263.022 | 10.903.200 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 14.738.796 | 15.509.510 | 15.718.675 | 21.549.263 | 22.323.063 | 22.720.753 |

# 7.4 Sjóðstreymisyfirlit

*Tafla 7 Sjóðstreymisyfirlit*

| FJARÐABYGGÐ | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rauntölur 2025 | Útkomuspá 2026 | Áætlun 2027 | Rauntölur 2025 | Útkomuspá 2026 | Áætlun 2027 |
| **Sjóðstreymisyfirlit** | | | | | | |
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | | | |
| Niðurstaða ársins | 150.164 | 497.043 | 240.245 | 849.652 | 1.012.907 | 757.512 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 318.584 | 338.005 | 346.409 | 698.375 | 735.071 | 750.707 |
| Verðbætur og gengismunur | 139.375 | 186.183 | 120.640 | 181.840 | 245.830 | 158.981 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | 0 | 0 | 0 | ( 33.472 ) | 0 | 0 |
| (Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna | 33.234 | 0 | 0 | 15.820 | 0 | 0 |
| Tekjuskattur og aðrar breytingar | 0 | 0 | 0 | 386 | 0 | 0 |
| Breyting á skuldbindingum | 599.074 | 318.279 | 285.781 | 602.849 | 322.279 | 289.781 |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) | 1.240.431 | 1.339.510 | 993.075 | 2.315.450 | 2.316.088 | 1.956.981 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | 0 | 0 | 0 | 3.750 | 0 | 0 |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) | ( 123.825 ) | 0 | 0 | ( 133.913 ) | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) | ( 28.081 ) | 0 | 0 | ( 29.141 ) | 130 | 0 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 367.265 | 0 | 0 | 301.675 | 0 | 0 |
| Afborganir skuldbindinga | ( 302.461 ) | ( 268.637 ) | ( 283.326 ) | ( 308.567 ) | ( 273.537 ) | ( 288.226 ) |
| Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum | ( 87.102 ) | ( 268.637 ) | ( 283.326 ) | ( 166.196 ) | ( 273.407 ) | ( 288.226 ) |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | 1.153.329 | 1.070.873 | 709.749 | 2.149.254 | 2.042.681 | 1.668.755 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | | | |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum | ( 771.183 ) | ( 578.800 ) | ( 450.000 ) | ( 1.494.981 ) | ( 1.106.800 ) | ( 1.035.000 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | 7.400 | 0 | 0 | 30.400 | 0 | 0 |
| Gatnagerðargjöld | 13.573 | 30.000 | 30.000 | 13.573 | 30.000 | 30.000 |
| Eignahlutir í félögum, breyting | ( 48.475 ) | ( 60.000 ) | 0 | ( 41.106 ) | ( 60.000 ) | 0 |
| Langtímakröfur, breyting | ( 19.255 ) | 10.544 | 10.532 | ( 19.255 ) | 12.201 | 12.189 |
| Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting | 26.765 | 51.772 | 24.352 | 0 | 63.823 | 34.937 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 791.175 ) | ( 546.484 ) | ( 385.115 ) | ( 1.511.369 ) | ( 1.060.776 ) | ( 957.873 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting | 138.847 | 362.549 | 248.274 | 0 | ( 0 ) | ( 0 ) |
| Tekin ný langtímalán | 0 | 20.000 | 20.000 | 0 | 20.000 | 20.000 |
| Afborganir langtímalána | ( 366.213 ) | ( 397.646 ) | ( 416.460 ) | ( 455.469 ) | ( 489.459 ) | ( 511.239 ) |
| Afborganir leiguskuldbindinga | ( 16.659 ) | ( 23.810 ) | ( 20.799 ) | ( 23.127 ) | ( 32.955 ) | ( 29.056 ) |
| Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting | 0 | ( 26.759 ) | ( 0 ) | 0 | ( 63.823 ) | ( 34.937 ) |
| Skammtímalán, breyting | 2.770 | 0 | 0 | 2.770 | 0 | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 241.255 ) | ( 65.666 ) | ( 168.984 ) | ( 475.826 ) | ( 566.237 ) | ( 555.233 ) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 120.899 | 458.723 | 155.649 | 162.059 | 415.668 | 155.649 |
| Handbært fé (fjárþörf) í ársbyrjun | 605.512 | 726.411 | 1.185.135 | 830.746 | 769.467 | 1.185.135 |
| Handbært fé (fjárþörf) í árslok | 726.411 | 1.185.135 | 1.340.784 | 992.805 | 1.185.135 | 1.340.784 |

# 8 Sundurliðun sjóða í samstæðu Fjarðabyggðar 2027

## 8.1 Rekstrarreikningur

*Tafla 8 Rekstrarreikningur*

| Áætlun ársins 2027 | Aðal-sjóður | Eigna-sjóður | Þjónustu-stöð | Tækja-stöð | Eignhaldsf Hraun | Samb.svf. á Austurl. | Millifærslur A-hluta | Samtals A hluti | Félags-íbúðir | Fráveita | Hafnar-sjóður | Hitaveita | Vatns-veita | Sorpstöð | Samtals B hluti | Millifærslur AB-hluta | Samtals AB hluti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Tekjur:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Skatttekjur | 6.921.271 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 162.670 ) | 6.758.601 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 19.105 ) | 6.739.496 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 2.162.341 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.162.341 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.162.341 |
| Aðrar tekjur | 1.592.431 | 1.540.708 | 102.949 | 166.540 | 387.996 | 106.500 | ( 2.375.289 ) | 1.521.834 | 56.006 | 324.255 | 1.518.740 | 231.530 | 360.950 | 342.873 | 2.834.355 | ( 328.606 ) | 4.027.583 |
| | 10.676.043 | 1.540.708 | 102.949 | 166.540 | 387.996 | 106.500 | ( 2.537.960 ) | 10.442.776 | 56.006 | 324.255 | 1.518.740 | 231.530 | 360.950 | 342.873 | 2.834.355 | ( 347.710 ) | 12.929.420 |
| **Gjöld:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6.680.318 | 0 | 400 | 0 | 0 | 19.306 | 0 | 6.700.024 | 0 | 44.364 | 386.157 | 31.145 | 60.269 | 17.598 | 539.533 | 0 | 7.239.556 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.630.363 | 368.884 | 27.117 | 113.869 | 95.393 | 88.529 | ( 2.537.960 ) | 2.786.196 | 36.430 | 80.911 | 728.529 | 130.147 | 136.558 | 282.773 | 1.395.348 | ( 347.710 ) | 3.833.834 |
| Afskriftir | 0 | 253.913 | 0 | 16.571 | 75.924 | 0 | 0 | 346.409 | 7.997 | 32.290 | 297.972 | 12.671 | 46.800 | 6.568 | 404.298 | 0 | 750.707 |
| | 11.310.682 | 622.797 | 27.517 | 130.441 | 171.317 | 107.835 | ( 2.537.960 ) | 9.832.629 | 44.427 | 157.565 | 1.412.657 | 173.963 | 243.627 | 306.939 | 2.339.179 | ( 347.710 ) | 11.824.098 |
| Niðurstaða án fjármagnsliða | ( 634.639 ) | 917.911 | 75.432 | 36.100 | 216.679 | ( 1.335 ) | 0 | 610.147 | 11.579 | 166.690 | 106.083 | 57.567 | 117.323 | 35.933 | 495.175 | 0 | 1.105.323 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur | 30.002 | 0 | 0 | 0 | 0 | 940 | 0 | 30.942 | 0 | 0 | 300 | 0 | 0 | 0 | 300 | 0 | 31.242 |
| Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki | 60.802 | 15.180 | 5.080 | 2.157 | 37.408 | 0 | ( 84.697 ) | 35.930 | 778 | 7.855 | 113.564 | 12.102 | 17.426 | 126 | 151.852 | ( 187.910 ) | ( 128 ) |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 67.131 ) | ( 202.002 ) | ( 62 ) | 0 | ( 16.182 ) | 0 | 0 | ( 285.377 ) | ( 11.340 ) | ( 16.158 ) | ( 10.707 ) | ( 20.707 ) | ( 34.644 ) | 0 | ( 93.556 ) | 0 | ( 378.933 ) |
| Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki | ( 211.357 ) | ( 19.108 ) | ( 3.536 ) | ( 2.092 ) | 0 | 0 | 84.697 | ( 151.396 ) | ( 2.213 ) | ( 7.987 ) | 0 | 0 | ( 448 ) | ( 25.857 ) | ( 36.505 ) | 187.910 | 8 |
| | ( 187.685 ) | ( 205.929 ) | 1.483 | 65 | 21.225 | 940 | ( 0 ) | ( 369.902 ) | ( 12.776 ) | ( 16.291 ) | 103.158 | ( 8.605 ) | ( 17.665 ) | ( 25.731 ) | 22.091 | 0 | ( 347.811 ) |
| Rekstrarniðurstaða | ( 822.324 ) | 711.982 | 76.914 | 36.164 | 237.904 | ( 395 ) | ( 0 ) | 240.245 | ( 1.196 ) | 150.399 | 209.240 | 48.962 | 99.659 | 10.202 | 517.266 | 0 | 757.512 |

# 8.2 Efnahagsreikningur

*Tafla 9 Efnahagsreikningur*

| Áætlun ársins 2027 | Aðal-sjóður | Eigna-sjóður | Þjónustu-stöð | Tækja-stöð | Eignhaldsf Hraun | Samb.svf. á Austurl. | Millifærslur A-hluta | Samtals A hluti | Félags-íbúðir | Fráveita | Hafnar-sjóður | Hitaveita | Vatns-veita | Sorpstöð | Samtals B hluti | Millifærslur AB-hluta | Samtals AB hluti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Eignir** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Fastafjármunir:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Fasteignir | 0 | 8.941.203 | 0 | 0 | 1.868.805 | 0 | 0 | 10.810.009 | 180.801 | 0 | 95.725 | 9.559 | 0 | 0 | 286.085 | 0 | 11.096.093 |
| Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur | 0 | 402.161 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 402.161 | 0 | 634.206 | 5.100.756 | 192.769 | 762.550 | 94.508 | 6.784.789 | 0 | 7.186.950 |
| Vélar, áhöld og tæki | 0 | 0 | 0 | 135.251 | 0 | 0 | 0 | 135.251 | 0 | 0 | 77.020 | 0 | 0 | 3.431 | 80.451 | 0 | 215.702 |
| Leigueignir | 0 | 68.673 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 68.673 | 0 | 0 | 37.807 | 0 | 0 | 0 | 37.807 | 0 | 106.480 |
| | 0 | 9.412.038 | 0 | 135.251 | 1.868.805 | 0 | 0 | 11.416.093 | 180.801 | 634.206 | 5.311.308 | 202.328 | 762.550 | 97.939 | 7.189.131 | 0 | 18.605.225 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Eignahlutir í félögum | 850.961 | 1.182.304 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 1.182.304 ) | 850.961 | 0 | 0 | 52.433 | 0 | 0 | 0 | 52.433 | 79.471 | 982.865 |
| Skatteign | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16.919 | 0 | 0 | 16.919 | 0 | 16.919 |
| Langtímakröfur | 169.630 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.435 | 0 | 171.065 | 0 | 2.083 | 22.282 | 0 | 2.198 | 0 | 26.563 | 0 | 197.628 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 94.167 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 0 ) | 94.167 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 94.167 ) | 0 |
| | 1.114.758 | 1.182.304 | 0 | 0 | 0 | 1.435 | ( 1.182.304 ) | 1.116.192 | 0 | 2.083 | 74.716 | 16.919 | 2.198 | 0 | 95.916 | ( 14.696 ) | 1.197.412 |
| Fastafjármunir | 1.114.758 | 10.594.341 | 0 | 135.251 | 1.868.805 | 1.435 | ( 1.182.304 ) | 12.532.286 | 180.801 | 636.289 | 5.386.023 | 219.247 | 764.748 | 97.939 | 7.285.047 | ( 14.696 ) | 19.802.637 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Birgðir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 0 | 4.150 | 11.500 | 0 | 16.650 | 0 | 16.650 |
| Skammtímakröfur: | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 876.248 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13.350 | 0 | 889.598 | 0 | 0 | 273.428 | 34.256 | 0 | 0 | 307.684 | 0 | 1.197.282 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | 1.124.344 | 504.135 | 151.305 | 59.293 | 972.436 | 2.850 | ( 2.240.072 ) | 574.292 | 17.288 | 225.421 | 2.539.550 | 282.744 | 423.185 | 5.615 | 3.493.802 | ( 4.068.094 ) | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 122.612 | 200 | 0 | 0 | 0 | 223.341 | 0 | 346.153 | 89 | 0 | 2.483 | 2.379 | 137 | 0 | 5.088 | 0 | 351.241 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | 10.412 | 0 | 0 | 0 | 0 | 91 | 0 | 10.502 | 0 | 130 | 1.390 | 0 | 137 | 0 | 1.657 | 0 | 12.159 |
| Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki | 25.060 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 25.060 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 25.060 ) | 0 |
| Handbært fé | 1.340.776 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 | 0 | 1.340.784 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.340.784 |
| Veltufjármunir | 3.499.452 | 504.335 | 151.305 | 59.293 | 972.436 | 239.640 | ( 2.240.072 ) | 3.186.389 | 17.377 | 226.551 | 2.816.851 | 323.530 | 434.959 | 5.615 | 3.824.882 | ( 4.093.154 ) | 2.918.117 |
| Eignir samtals | 4.614.209 | 11.098.676 | 151.305 | 194.544 | 2.841.242 | 241.075 | ( 3.422.376 ) | 15.718.675 | 198.177 | 862.840 | 8.202.874 | 542.777 | 1.199.707 | 103.554 | 11.109.929 | ( 4.107.851 ) | 22.720.753 |

# 8.3 Eigið fé og skuldir

*Tafla 10 Eigið fé og skuldir*

| Áætlun ársins 2027 | Aðal-sjóður | Eigna-sjóður | Þjónustu-stöð | Tækja-stöð | Eignhaldsf Hraun | Samb.svf. á Austurl. | Millifærslur A-hluta | Samtals A hluti | Félags-íbúðir | Fráveita | Hafnar-sjóður | Hitaveita | Vatns-veita | Sorpstöð | Samtals B hluti | Millifærslur AB-hluta | Samtals AB hluti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **31. desember** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Eiginfjárreikningar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Eigið fé | ( 6.634.766 ) | 7.844.928 | 72.086 | 148.053 | 2.533.609 | 67.302 | ( 1.182.304 ) | 2.848.908 | ( 70.776 ) | 583.769 | 7.889.147 | 192.741 | 737.150 | ( 442.856 ) | 8.889.174 | 79.471 | 11.817.553 |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | ( 6.634.766 ) | 7.844.928 | 72.086 | 148.053 | 2.533.609 | 67.302 | ( 1.182.304 ) | 2.848.908 | ( 70.776 ) | 583.769 | 7.889.147 | 192.741 | 737.150 | ( 442.856 ) | 8.889.174 | 79.471 | 11.817.553 |
| **Skuldbindingar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 3.862.438 | 0 | 0 | 0 | 0 | 58.240 | 0 | 3.920.678 | 0 | 2.382 | 155.406 | 30.632 | 630 | 295 | 189.345 | 0 | 4.110.023 |
| Tekjuskattskuldbinding | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skuldbindingar | 1.354 | 0 | 0 | 0 | 0 | 15.074 | 0 | 16.428 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16.428 |
| | 3.863.792 | 0 | 0 | 0 | 0 | 73.314 | 0 | 3.937.106 | 0 | 2.382 | 155.406 | 30.632 | 630 | 295 | 189.345 | 0 | 4.126.451 |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 698.403 | 2.395.856 | 571 | 0 | 247.490 | 0 | 0 | 3.342.320 | 196.391 | 173.235 | 105.529 | 295.161 | 404.005 | 0 | 1.174.320 | 0 | 4.516.640 |
| Leiguskuldir | 0 | 29.603 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 29.603 | 0 | 0 | 8.800 | 0 | 0 | 0 | 8.800 | 0 | 38.403 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | 0 | ( 0 ) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 73.009 | 0 | 0 | 0 | 21.158 | 94.167 | ( 94.167 ) | 0 |
| | 698.403 | 2.425.459 | 571 | 0 | 247.490 | 0 | 0 | 3.371.923 | 196.391 | 246.244 | 114.329 | 295.161 | 404.005 | 21.158 | 1.277.288 | ( 94.167 ) | 4.555.043 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki | 5.183.822 | 424.612 | 78.572 | 46.491 | 0 | 377 | ( 2.240.072 ) | 3.493.802 | 54.298 | 2.904 | 0 | 0 | 0 | 517.090 | 574.292 | ( 4.068.094 ) | ( 0 ) |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 50.436 | 350.244 | 76 | 0 | 49.048 | 0 | 0 | 449.805 | 15.080 | 9.097 | 12.867 | 18.555 | 55.320 | 0 | 110.918 | 0 | 560.724 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 0 | 23.919 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 23.919 | 0 | 0 | 9.514 | 0 | 0 | 0 | 9.514 | 0 | 33.433 |
